



# SAMEYKI

Tímarit Sameykis / 2. tbl. 2023 / sameyki.is



**RÉTTLÆTI  
JÖFNUÐUR  
VELFERÐ**



**SAMEYKI**

**Þurfum að fá stéttastjórnsmál í tísku á ný** Stefán Ólafsson, prófessor emeritus, í viðtali **Stórt og vaxandi stéttarfélag** Aðalfundur Sameykis **Dæmið sem ekki gengur upp** Hagfræði og samfélagið **Ávarp stéttarfélaganna í Reykjavík** Réttlæti-jöfnuður-velferð **Maður verður að treysta fólki og meina það** segir forstöðumaður Hins hússins **Árangurinn byggir á mikilli samheldni** segir skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurnesja **Spillingin og við** Hvernig spillingin birtist á Íslandi **Tryggja þarf börnum líf án fátæktar** Barnabætur þurfa að byggja á framfærsluviðmiðum **Af vettvangi Sameykis**

## Ábyrgðarmaður

Pórarinn Eyfjörð

## Ritstjóri

Axel Jón Ellenarson

## Greinarhöfundar

Atli Þór Fanndal

Auður Alfa Ólafsdóttir

Axel Jón Ellenarson

Breki Karlsson

Haraldur Jónasson

Heiður Margrét Björnsdóttir

Margrét Júlía Rafnsdóttir

Pórarinn Eyfjörð

## Forsíðumynd

Haldór Baldursson

## Ljósmyndir

Birgir Ísleifur Gunnarsson

Heiða Helgadóttir

## Prófarkalestur

Bjarni Benedikt Björnsson

## EFNISYFIRLIT

- 4** Af vettvangi Sameykis
- 6** Kjarasamningavetur – kjarasamningavor. Og hvað svo?
- 7** Baráttudagur launafólks
- 9** Sameyki er stórt og vaxandi stéttarfélag
- 10** Ályktanir aðalfundar
- 12** Ávarp stéttarfélaganna í Reykjavík
- 14** Þeir sem ná ekki endum saman og hinir sem eiga nóg
- 17** Spillingin og við
- 20** Tryggja þarf börnum líf án fátæktar
- 22** Samkeppnismál eru (harðkjarna) kjaramál
- 24** Þurfum að fá stéttastjórnsmál í tísku á ný
- 30** Félagsfólk í Sameyki fagnaði á uppskeruhátíð
- 32** Samskipti eru erfið við fólk sem maður treystir ekki
- 34** Árangurinn byggir á mikilli samheldni
- 37** Maður verður að treysta fólk og meina það
- 40** Neytendasamtökin fyrir þig í 70 ár
- 42** Kjúkingaborgari með beikonbotni
- 44** Af vettvangi Sameykis
- 46** Krossgátur

## Skrifstofa Sameykis

Grettsísgata 89 - 105 Reykjavík

Símar: 525 8340 / 525 8330

Netfang: sameyki@sameyki.is

Veffang: sameyki.is

ISSN: 1670-881

## Prentun

Prentmet Oddi. Tímarit Sameykis er prentað á umhverfisvænan og svansvottaðan pappír úr hringrásarferli Svansins. Einnig er tímaritið prentað með svansvottuðum jurталitum en ekki jarðolíulitum.



# Kjarasamningar og samfélag

Á undanförunum vikum og mánuðum hafa stéttarfélag og launagreiðendur staðið í ströngu við gerð kjarasamninga. Þegar þetta er skrifað hefur Sameyki lokið við að gera fimm samninga við opinber hlutafélag og í samfloti við BSRB hafa kjarasamningar verið gerðir við ríkið og Reykjavíkurborg. Vinna við allnokkra samninga stendur yfir og er hraðinn í þeim samningaviðræðum nokkuð misjafn eins og gengur. Reynslan sýnir okkur þó að samningar nást alltaf að lokum. Stundum með samræðum og rökfestu, en stundum með átökum.

Rétturinn til að gera kjarasamning, og frelsið til að eiga aðgang að sterku stéttarfélagi, er einn mikilvægasti og verðmætasti réttur launafólks á vinnumarkaði. Sagan sýnir okkur svart á hvítu hvernig barátta launafólks hefur breytt samfélagi okkar til hins betra. Lífsgæði og sjálfsögd mannréttindi hafa ekki orðið til úr engu.

Við mannfólk erum þó stundum of værukær og gleymim til að muna að velferðarsamfélag okkar datt ekki í fangið á okkur baráttulaust. Launafólk á Íslandi mun þurfa að mæta framtíðinni af einurð og sjálfsöryggi. Við munum standa frammi fyrir erfiðleikum og áskorunum í samfélagi okkar þar sem leiðarljósið þarf að vera knúíð áfram af fyrri sigrum. Í baráttu fyrir sjálfsögdum réttlæti, sanngjörnum jöfnuði og velferð fyrir alla, þurfum við að muna eftir því að það var vinnandi fólk með hugsjónir og baráttuanda sem ruddi þá braut til velferðar sem við nú njótum. Við megum aldrei gleyma að það var með baráttuanda og samstöðustyrk sem Vökulöginn náðust í gegn á síðustu öld og áratug síðar voru lögin um verkamannabústaði sett, sem var eitt mesta framfaraskref í lýðheilsu og velferð sem þjóðin hefur upplifað.

Almannatryggingar voru festar í lög 1936 og Vinnulöggjöfin 1938. Síðan fylgdu réttindi eins og orlofsréttur, atvinnuleysisstryggingar, lög um sömu laun fyrir sömu vinnu, réttur til líffeyris, réttur gegnum sjúkrasjóði stéttarféлага, fæðingarorlof, náms- og menntunarmöguleikar, baráttan gegn kynbundnum launamun, Virk – starfsendurhæfing, Bjarg íbúðafélag og fleira og fleira. Öll þessi framfaraskref hafa komið til vegna réttindabaráttu vinnandi fólks gegn stöðnun, auðvaldi og yfirstétt, og afturhaldssömum stjórnvöldum. Ríkjandi valdastéttir hafa aldrei gefið eftir forréttindi sín að eigin frumkvæði. Bestu kjótkatlar elítunnar hafa aldrei staðið launafólki til boða aðeins vegna gestrisni þeirra sem mest eiga. Launafólki verða aldrei færðar á sílfurfati kræsingarnar af gnægtarfati þeirra ríkustu og valdamestu. Lífsgæði og velferð til allra verður aðeins til á vettvangi samstöðu og baráttu launafólks.

Vilji valdastéttarinnar til að brjóta niður baráttuþrek og samstöðu launafólks hefur komið glögg fram á líðandi vetri. Þar er reynt að höggva á báðar hendur til að veikja stöðu almennings og vegið að réttindum og samstöðumætti. Við þessari óværu verður launafólk að bregðast með styrki samstöðu og samvinnu. Þar eru lyklatríði að farsælli framtíð kjarasamningar, réttindabaráttu og velferð fyrir alla. Stéttabaráttan og samstaða innan stéttarfélaganna hefur gegnum tíðina verið með ýmsum hætti. Framtíðin kallar núna á sterka og staðfasta forystu og sýnilegt afl. Við þurfum saman að bretta upp ermar – því réttlæti, jöfnuði og velferð verður aldrei náð með sundrung.

Tökum höndum saman því á þann hátt vinnum við framtíðinni best gagn. ■



**Pórarinn Eyfjörð**  
Formaður Sameykis

# NÝJAR MÍNAR SÍÐUR SAMEYKIS



## Mínar umsóknir

Hér má finna umsóknir um styrki sem félagsfólk hefur sent inn, hvort sem þær eru í vinnslu eða afgreiddar. Nálgest má þau fylgiskjöl sem hanga á umsókninni og bæta við fylgiskjöllum og senda skilaboð til nánari útskýringar með því að smella á punktana þrjá undir skoða.

## Umsókn um styrki

Hér er hægt að senda um umsóknir um heilsu- og forvarnarstyrki, sjúkradagpeninga og fræðslustyrki. Til að hægt sé að afgreiða umsóknina er nauðsynlegt að hengja fylgigögn á umsókn í umsóknarferlinu, eins og t.d. greiðslukvittanir, reikninga, launaseðla, vottorð og fræðsludagskrá.



## Samskiptaskilaboð

Hér er hægt að senda fyrirspurnir til skrifstofu um kjara- og réttindamál, orlofshús og auðvitað allar almennar fyrirspurnir. Starfsfólk Sameyki svarar síðan fyrirspurnum og félagsfólk fær tölvupóst um að ný skilaboð bíði inni á Mínunum síðum. Þarna er því hægt að halda utan um skilaboðin á einum stað.

## Mínar síður

Markmið með Mínunum síðum er m.a. að félagsfólk geti sent inn umsóknir um styrki og fyrirspurnir þegar þeim hentar þar sem öryggi persónuupplýsinga þeirra er tryggt. Einnig að gefa félagsfólki yfirsýn yfir stöðu sína hjá Sameyki.



# Trúnaðarmenn heiðraðir fyrir ötult starf í þágu félagsins

Á aðalfundi Sameykis 29. mars sl. voru Sigurbjörgu Erlingsdóttur og Vigfúsi Ægi Vigfússyni veittar viðurkenningar fyrir ötult og óeigingjarnt starf í þágu Sameykis. Tekið var tillit til þriggja þátta við valið á trúnaðarmanni ársins; hvernig trúnaðarmaður sinnir félagsfólki í Sameyki á vinnustaðnum, virkni þeirra í kjaramálum og virkni í félagsstarfi Sameykis.

Sigurbjörg og Vigfús Ægir eru bæði framúrskarandi trúnaðarmenn á sínum vinnustöðum, þau eru kraftmikil, úrræðagóð og jákvæð að sögn samstarfsfélaga sinna.

Sigurbjörg starfar hjá Isavia og Vigfús Ægir starfar hjá Landgræðslunni. Þóririnn Eyfjörð, formaður Sameykis veitti þeim viðurkenningarnar, blómvendi og vikudvöl í orlofshúsum Sameykis að eigin vali. Því miður komst Vigfús Ægir ekki í eigin persónu til Reykjavíkur til að taka á móti viðurkenningunni en var tók þátt í fundinum í gegnum fjárfundarbúnað.

Sameyki óskar þeim til hamingju og þakkar þeim fyrir sitt góða framlag í þágu félagsins. ■



Þóririnn Eyfjörð afhendir Sigurbjörgu Erlingsdóttur viðurkenninguna trúnaðarmaður ársins á aðalfundi Sameykis.

## Nýr orlofskostur á Tenerife

Tenerife hefur undanfarin ár verið vinsæll orlofsstaður allt árið um kring hjá Íslendingum og er félagsfólk Sameykis þar engin undantekning. Orlofssjóður Sameykis hefur góða reynslu af rekstri íbúða erlendis en félagið á þrjár eignir nærri Alicante á Spáni. Árin 2020 og 2021 skera sig reyndar úr hvað nýtingu húsanna á Spáni varðar þar sem nýtingin var lítil en heilt yfir má segja að nýting húsanna sé góð í venjulegu árferði þó hún falli töluvert yfir háveturinn. Í þessu ljósi hefur Sameyki nú fest kaup á raðhúsi á Tenerife

og standa væntingar til að húsið verði vel nýtt allt árið um kring. Húsið er staðsett í Los Cristianos, er á tveimur hæðum með þremur vel búnum svefnherbergjum en auk þessa er bílakjallari í húsinu og stórar þaksvallir. Ekki er komin nákvæm tímasetning á það hvenær húsið fer í útleigu en búist er við að það verði í byrjun júní. Alla fyrirvara verður að hafa á þeirri tímasetningu en húsið verður auglýst vel þegar að útleigu á því kemur. ■





# LOFTSLAGIÐ OG HAGKERFIÐ

## Málþing umhverfis- og loftslagsnefndar Sameykis

Haldið í Gullhömrum í Grafarholti mánudaginn 8. maí kl. 15:30 – 17:30

Á málþinginu verður fjallað um hvernig hagkerfið hefur áhrif á loftslagið og hvernig loftslagsváin hefur áhrif á hagkerfið. Hvernig er hægt að bregðast við þessari stöðu? Hvert er stóra samhengið, og skiptir breyttur hugsunarháttur og breytt hegðun einhverju máli? Er endalaus hagvöxtur raunhæfur? Áhugavert málþing þar sem fræðafólk og áhugafólk flytur fróðleg erindi um loftslagsmál og hagkerfið og ræðir þau við gesti málþingsins.

### Erindi flytja

Ásgeir Brynjar Torfason, hagfræðingur  
Guðfinna Aðalgeirsdóttir, prófessor í jarðeðlisfræði  
Helga Ögmundardóttir, dósent í mannfræði við HÍ.  
Halldór Þorgeirsson, formaður loftslagsráðs  
Íris Marelsdóttir, leiðsögumaður

Fundarstjóri: Pétur Ásbjörnsson

**Allir velkomnir!**



Ásgeir Brynjar Torfason



Guðfinna Aðalgeirsdóttir



Helga Ögmundardóttir



Halldór Þorgeirsson



Íris Marelsdóttir



Pétur Ásbjörnsson



**SAMEYKI**  
STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU



# Kjarasamningavetur – kjarasamningavor. Og hvað svo?

Eftir Þórarin Eyfjörð

Ljósmynd: Haraldur Jónasson

Veturinn hefur verið annasamur í gerð kjarasamninga. Undirbúningur þeirra hófst strax á vordögum 2022 með greiningarfundum með okkar félagsfólki, sem starfa hjá ohf-félögum ríkisins, en samningar þeirra losnuðu á sama tíma og á almenna markaðnum. Undantekningin þar var RÚV, en þar losnuðu samningarnir um áramótin. Síðastliðið haust hófst síðan greiningarvinna með félagsfólki sem vinnur hjá opinberum launagreiðendum. Niðurstöður þeirrar greiningar voru síðan teknar til umfjöllunar og afgreiðslu hjá fulltrúaráði og trúnaðarmannaráði, þar sem meginlínur í kröfugerðum við ríki, borg og sveitarfélög voru lagðar. Ráð var síðan gert fyrir að sérmál rötuðu inn í kröfugerðirnar þegar undirbúningur viðræðna við einstaka launagreiðendur hæfist.



## Hálfnað verk þá hafið er

Á sama tíma og þessi undirbúningsvinna var í gangi vegna komandi viðræðna, vorum við á vettvangi BSRB í samfloti við KÍ og BHM að hamast í vinnu við jöfnun launa milli markaða. Þar vildum við sjá að vinnan færi að skila árangri og við færum að sjá til lands með framkvæmd verkefnisins. Samningurinn um þetta mikilvæga skref til launaleiðréttingar var gerður 2016 og ekki var farið að sjá nein marktæk merki þess að við værum að nálgast framkvæmd. Samflot stóru heildarsamtakanna í þessu verkefni byggir á því að samningurinn, sem upphaflega var gerður, er á milli bandalaganna annars vegar og ríkis, Reykjavíkurborgar og sveitarfélaganna hins vegar. Bandalagsins megin var það alveg ljóst að það yrði ekki skrifað undir nýja kjarasamninga ef ekki væri búið að tryggja fyrstu skref í verkefninu. Við vitum að verkefnið mun taka allnokkur ár í framkvæmd en í þessari hrinu tókst að ná samkomulagi um varfærið fyrsta skref sem við munum koma í framkvæmd næsta haust. Það er ljóst að það verður ærið verkefni að finna rétta leið til að ná utan um verkefnið í heild á komandi árum, en hálfnað er verk þá hafið er.

## Umhugsunarvert samningsferli

Eins og allir vita þá höfðu efnahagshorfur versnað mjög þegar komið var fram á haust á síðasta ári. Þegar samningalotan á

almenna markaðnum var hafin steig Starfsgreinasambandið fram og var fyrst til að skrifa undir kjarasamning. Við þekkjum öll þá sögu að í kjölfarið hófust harkalegar deilur um hvort og þá hvernig þeir samningar ættu að vera fyrirmynd og ráða fyrir kjarasamninga annarra stéttarféлага. Samtök atvinnulífsins klifuðu á því að enginn fengi neitt annað en það sem búið væri að semja um og mátti skilja á talsmanni samtakanna að það væru svik við þjóðina ef brotið væri gegn því boðorði. Þetta ferli er umhugsunarvert. Ef svo er komið að fyrsti undirritaði kjarasamningur í hverri samningalotu á að vera leiðbeinandi fyrir atvinnumarkaðinn allan, sem vel að merkja er ansi fjölbreyttur, þá verður það ekki gert nema með viðtækri og sterkri samstöðu meðal stéttarféлага. Hér verðum við um leið að viðurkenna nauðsyn þess að standa þétt saman gagnvart ríki, borg og sveitarfélögum. Stóru sameiginlegu verkefnum, þar sem krýja þarf stjórnvöld til velferðarverkefna á samfélagslegum grunni, verður ekki náð nema með fullum samstöðustyrk stéttarfélaganna og bandalaga þeirra.

## Áherslur næstu lotu

Þegar þetta er skrifað þá höfum við lokið samningum við ríki, Reykjavíkurborg og flestar ohf-stofnanirnar. Nokkrir kjarasamningar eru þó enn í gangi og ljóst að aðaláherslan í þeim er á sambærilegum grunni og þeir samningar sem samþykkir hafa verið. Aðaláherslan er á launahækkunir, styrkingu kaupmáttar og útfærslu viðræðuverkefna á þessu ári, en þau verkefni fara meira og minna af stað núna á vordögum eða í haustbyrjun. Þar verða m.a. teknar upp kröfugerðirnar frá síðastliðnu hausti og unnið með þær. Þar er af mörgum góðum verkefnum að taka og ljóst að félagsfólk okkar í samninganefndum mun að öllum líkindum verða með mörg spennandi verkefni á sinni könnu á þessu ári. Hér skiptir máli hvernig stjórnvöld og Seðlabankinn ætla að haga efnahagsstjórn sinni. Munum við sjá öflug velferðarverkefni á dagskrá sem horfa til hagsbóta fyrir almenning, ásamt að létta róðurinn fyrir almennt launafólk og þá sem eru í viðkvæmri stöðu? Eða verður aðaláherslan á að koma eignum almennings í hendur á vinum og ættingjum? Það mun skipta verulegu máli við næstu lotu í hvaða átt stjórnvöld hyggjast fara, og þess vegna skynsamlegt að stjórnvöld átti sig á því. ■

Höfundur er formaður Sameykis og 1. varaformaður BSRB.

# Baráttudagur launafólks

Eftir Axel Jón Ellenarson

Alþjóðlegur baráttudagur launafólks á Íslandi á 100 ára afmæli þessu ári. Hann var fyrst haldinn hátíðlegur 1923 þegar gengin var kröfuganga hér á landi.

Dagurinn varð lögskipaður frídagur á Íslandi árið 1972.



Dagurinn á uppruna sinn á þingi evrópskra verkalyðsfélaga í París 1889 þegar var samþykkt var tillaga frá Frökkum um að 1. maí skyldi verða alþjóðlegur frídagur verkafólks. Lagt var til á þinginu að verkafólk notaði daginn til fjöldafunda til að fylgja eftir kröfum um átta stunda vinnudag og aðrar umbætur á kjörum sínum.

## Uppreisn gegn ranglæti

Á 1. maí gengur launafólk undir rauðum fána og leikinn er alþjóðasöngur verkalyðsins, Internasjónalinn. Rauði liturinn á fána verkalyðshreyfingarinnar táknar uppreisn gegn ranglæti. Hann þýðir að nú sé nóg komið, auk þess sem hann táknar dagrenninguna. Eðli dagsins var og er krafa verkafólks um breytingar og réttlátara þjóðfélag. Því er dagurinn pólitískur eins og verkalyðshreyfingin. Allar þær þjóðfélagsbreytingar sem átt hafa sér stað hafa orðið í gegnum baráttu verkafólks fyrir breyttu þjóðskipulagi og ýmsum öðrum réttindum. Sú baráttu hefur skilað sér m.a. í kosningarétti til sveitarstjórna og Alþingis, löggjöf um vinnuvernd, verkamannabústaði, almannatryggingar, orlof og fæðingarorlof og lífeyrisjóði. Einnig má nefna bætt laun, styttri vinnutíma, matar- og kaffitíma, veikindarétt, sjúkrasjóð, sumarfrí og öryggi á vinnustöðum. Þessi réttindi náðust einvörðungu fram með baráttu verkalyðshreyfingarinnar í samningum við atvinnurekendur og á sínum tíma þegar stjórnmalaflokkar félagsfólks höfðu áhrif á Alþingi með stuðningi verkalyðshreyfingarinnar.

## Vakning í verkó

Herskárrí tónn heyrir, raddir sem vilja breyta valdahlutföllum. Staðnaðri samstöðu er hafnað. Hafnað er þeirri leið að láglaunafólk sætti sig við brauðmola af borði hinna hærra launudu og kröfur um að breyta tekju- og eignaskiptingu þjóðfélagsins. Stéttarfélag og stjórnmalaflokkur sem vilja breytingar þurfa að bregðast við og eiga eftir að ráða hvort launafólk í landinu nær aftur að endurheimta hluta af þeim áhrifum sem það náði á síðustu öld. Til þess að koma á breytingum um jafnara samfélag þarf sterka verkalyðshreyfingu sem vill gera breytingar í stjórn efnahagsmála.<sup>1</sup>

## Baráttan heldur áfram

Segja má að meginmarkmið verkalyðshreyfingarinnar nú á dögum sé að vinna á móti nýfrjálslyggjunni sem er í eðli sínu andfélagsleg og að bæta launakjör, verja áunnin réttindi, viðhalda kaupmætti, stuðla að jafnara samfélagi, auka velsæld, stytta vinnuvikuna, bæta húsnæðismarkað og leigumarkað, hvetja til sanngjarnari skiptingar á arði sem skapast af sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar, efla velferðarkerfið,



1. maí á forsíðum íslenskra blaða frá 1929 til 1986.

vinna móti veikingu stuðningskerfa; vaxtabótakerfis, barnabótakerfis, fæðingarorlofskerfis og atvinnuleysisbótakerfis, og styðja við húsnæðisupbyggingu við óhagnaðardrifin leigufélag á húsnæðismarkaði.

Þá hafa heildarsamtök og stéttarfélag krafist þess að settar verði reglur á neytendamarkaði um að launahækkunum verði ekki velt út í almennt verðlag á nauðsynjavörum sem veldur verðbólgu og kaupmáttarrýrnun. Launafólk reiðir sig á að stéttarfélag gæti að hagsmunum þess þegar kemur að ákvörðunum stjórnvalda sem áhrif hafa á kaupmátt og velsæld á Íslandi. Baráttan fyrir betra samfélagi heldur áfram. ■

1) Heimild: Öld auðhyggju eða samhyggju? Staða verkalyðshreyfingarinnar á 21. öld eftir Sigurð Pétursson, sagnfræðing. 4. tbl. Tímarit Sameykis 2022.



# Sameykki er stórt og

Eftir Axel Jón Ellenarson  
Ljósmyndir: Birgir Ísleifur Gunnarsson



Aðalfundur Sameykis var haldinn 29. mars sl. á hótél Hilton Reykjavík Nordica í kjölfar trúnaðarmannaráðsfundar. Þórarinn Eyfjörð, formaður Sameykis, setti fundinn sem er sá fimmti sem haldinn hefur verið síðan SFR og StRv sameinuðust í Sameyki stéttarfélag í almannajónustu.

Þórarinn flutti skýrslu stjórnar og greindi frá starfi félagsins á almanaksárinu. Þar kom fram að farið var í fundarherferð um allt land til að hitta félagsfólk á morgunverðarfundum í þeim tilgangi að undirbúa kjarasamninga og ná fram hvað ætti helst að leggja áherslu á. Þórarinn sagði á fundinum að hann vildi halda áfram að leggja áherslu á staðbundna fundi með félagsfólki um land allt.



Þórarinn Eyfjörð, Gunnsteinn R. Ómarsson, skrifstofustjóri Sameykis og annar tveggja fundarstjóra, Kristjana Eyjólfsdóttir.

„Ég mun sem formaður hér eftir sem hingað til leggja áherslu á staðbundna fundi um allt land, því ekkert er betra en að hittast í eigin persónu, skilgreina verkefni fram undan og velta upp hugmyndum um hvaða leiðir skal fara til að ná fram markmiðum

okkar félagsfólks. Þess skal þó getið að Sameyki gerir um 160 stofnanasamninga og eru þeir hluti af kjarasamningum við ríkið. Nokkrir slíkir hafa verið í vinnslu á árinu og ekki er hægt að tala um hraðferð í þeim verkefnum. Kröfurnar gagnvart ríki og sveitarfélögum eru vandlega útlistaðar gagnvart hverjum viðsemjanda en byggja allar á þremur meginmarkmiðunum sem eru: Hækkun launa og aukinn kaupmáttur, stytting vinnuvikunnar og betri vinnutími, aukin réttindi og sveigjanleiki á vinnumarkaði. Við erum nokkuð bjartsýn á framhaldið í þeim stóru samningum og það er setið núna í Karphúsinu [ath. blaðamanns: Búið er að skrifa undir kjarasamninga við ríki og Reykjavíkurborg] til að ná niðurstöðu með sem jákvæðustum hætti,“ sagði Þórarinn.

Þórarinn greindi frá því að félagið hefði staðið í nokkuð harkalegri baráttu með BSRB, BHM og KÍ við ríki, Reykjavíkurborg og sveitarfélögin vegna samninganna sem gerðir voru um jöfnun launa milli markaða 2016. Náðst hefur samkomulag um aðferðafræðina sem notuð verður til að greina hópana sem jöfnun launa milli markaða á við.

„Verkefnið er samkomulag BSRB, BHM og KÍ við ríki, Reykjavíkurborg og sveitarfélögin frá 2016 og frá þeim tíma hefur verið tekist á um aðferðafræði við greiningar, skýribreytur og viðmiðunartímabil, svo eitthvað sé nefnt. Eftir allnokkur átök í vetur hefur náðst svokallaður áfangasamningur sem verður fyrsta skrefið í átt að leiðréttingu. Um er að ræða varfærið fyrsta skref og verður megináherslan núna lögð á að komast af stað í heilbrigðiskerfinu og menntakerfinu. Ekki er um það að ræða að þetta skref verði heildarlaun innan þessara kerfa, en þetta er byrjunarskref og fleiri hópar koma inn í mengið eftir því sem verkinu mun vinda fram.“

Sagði Þórarinn að Sameyki væri stórt og vaxandi félag en fjöldi félagsfólks væri nú um 12 til 13 þúsund.

„Stöðugt er unnið að því að styrkja starfsumhverfið með það að leiðarljósi að bæta þjónustu við félagsfólk. Töluverð vinna hefur verið lögð í að marka stefnu fyrir starfsemi félagsins á vettvangi stjórnar og fulltrúaráðs. Mikilvægt er að breið samstaða sé um framtíðarsýn og unnið sé eftir sameiginlega mótaðri stefnu.“





# vaxandi stéttarfélag

Nokkrar lagabreytingar voru samþykktar á fundinum og ber helst að nefna að fulltrúaráð og trúnaðarmannaráð sameinast undir trúnaðarmannaráði. Þeir fulltrúar sem voru í fulltrúaráði ganga þá inn í trúnaðarmannaráð og njóta nú meiri fræðslu og upplýsinga en áður.

Gunnsteinn R. Ómarsson, skrifstofustjóri Sameykis, fjallaði um efnahag félagsins og starfsemi skrifstofunnar. Sagði hann að starfsemin væri bæði fjölbreytt og mörg verkefni færu í gegnum hendur starfsfólks á skrifstofu Sameykis. Hann sagði að efnahagur félagsins væri góður þó efnahagsumhverfið væri erfitt um þessar mundir.

„Starfsemin byggir á miklum samskiptum við félagsfólk í gegnum kjara- og réttindamál, rekstur sjóða félagsins og orlofskerfisins auk daglegs rekstrar og ýmissar útgáfu. Á skrifstofunni er haldið utan um allt félagsstarf og viðburði hjá Sameyki, s.s. fundi stjórnar Sameykis, fulltrúaráðs, trúnaðarmannaráðs, stjórnar sjóða og nefnda og allra deilda innan félagsins, Stofnun ársins o.fl.“ sagði Gunnsteinn.

Félagslega kosin stjórn Sameykis lagði fyrir trúnaðarmannaráðsfund fimm ályktanir til umfjöllunar sem síðan voru lagðar fyrir aðalfund Sameykis og samþykktar þar. Þær má sjá á næstu opnu. ■

## Hópavinna trúnaðarmannaráðs

Trúnaðarmannaráðsfundur Sameykis var haldinn fyrir aðalfund og efni fundarins var að fjalla um málefnið.

Verkefni trúnaðarmannaráðs skipar stóran sess í starfi Sameykis. Á fundum ráðsins á almanaksárinu voru ýmis mikilvæg mál tekin til umræðu og í ráðinu voru samþykktar mikilvægar ályktanir. Trúnaðarmannaráðið samanstendur af öflugum 320 manna hópi sem sinnir mikilvægu grasrótastarfi fyrir félagið.

Fjórir vinnuhópar skipaðir úr trúnaðarmannaráði fengu það hlutverk að fjalla um og rýna í starfsemi og stefnu Sameykis. Hóparnir sem skipaðir voru tóku svo til við að ræða um eftirfarandi: Fjárhag félagsins, sjóði Sameykis, orlofssjóð og ályktanir stjórnar sem lagðar voru fyrir aðalfund til samþykktar. Formenn sjóðanna og starfsfólk Sameykis höfðu umsjón með hópastarfinu. Hægt er að skoða ljósmyndir frá starfi hópanna á vef Sameykis. ■



# Ályktanir aðalfundar

Stjórn Sameykis lagði fyrir aðalfund fimm ályktanir til samþykktar um aðgerðir stjórnvalda sem varðar launafólk og þjódarhagsmuni. Aðalfundur samþykkti ályktanirnar um auðlindir þjóðarinnar, um efnahagsmál og skatta, um áætlanir ríkisstjórnarinnar um niðurskurð stofnana ríkisins, um einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu og um fyrirætlanir að reisa um allt land vindmyllugarða í stórum stíl.



## Auðlindir þjóðarinnar

Aðalfundur Sameykis krefst þess að ríkisstjórnin innheimti sanngjarnt gjald fyrir afnot af auðlindum þjóðarinnar fyrir ríkissjóð Íslands og gagnrýnir ríkisstjórnina harðlega fyrir það aðgerðaleyfi sem hún sýnir í málefnum auðlinda þjóðarinnar. Í ljósi þess hvernig ríkisstjórnin hampar þeim sem nýta þjóðarauðlindir til eigin nota ætti hún að vinna að því að fá svo til allan arðinn til sín.

Auðlindaarðurinn er aðeins 2–3% prósent af landsframleiðslunni og ríkisstjórnin verður að snúa við stefnu sinni í að einkavæða arðinn af auðlindum í eigu þjóðarinnar og krefjast tekna til uppbyggingar innviða landsins. Umframhagnaður þeirra aðila sem nýta sér auðlindir þjóðarinnar skilar sér ekki í skattgreiðslum í ríkissjóð. Stjórnvöld þurfa nú þegar að beita sér í innheimtu þessara skatta og beita sér strax fyrir því að gera opinbert mat á verðmætum auðlindanna sem ríkisstjórnin hefur beitt sér gegn að láta framkvæma og hlíf þeim sem njóta arðsins í ræðu og riti.

Auðlindarentan í fiskveiðum og stóriðju sveiflast með verði á afurðunum. Þegar heimsmarkaðsverð á fiski og áli er hátt, eins og raunin er nú um stundir, verður auðlindaarðurinn gríðarlegur. Stóriðjan greiðir ekkert auðlindagjald og heldur ekki fiskeldið sem nýtir haf og firði til að rækta fisk. Í þeim löndum sem stjórnámálönnum þykir gott að bera sig saman við á tyllidögum er auðlindagjald eða skattur innheimtur af fiskeldi, til að mynda í Noregi, en það er ekki gert hér á landi. Stjórnvöld hafa þá stefnu að afhenda auðmönnum auðlindir þjóðarinnar. Sú aðferðafræði að þiggja brauðmolana er óþolandi fyrir þjóð sem kennir sig við velferð og samfélagslega ábyrgð.

## Efnahagsmál og skattar

Launafólk hefur fundið fyrir kaupmáttarskerðingu vegna aukinnar verðbólgu og stýrivaxtahækkana undanfarið. Aðalfundur Sameykis mótmælir harðlega hvernig ríkisstjórnin situr hjá á meðan eldar kvikna í hagkerfinu. Aðalfundur Sameykis gagnrýnir viðbragðsleysi stjórnvalda sem er til komið vegna slæmra ákvarðana þeirra um að hækka álögur og

opinber gjöld sem verst lenda á almennu launafólki. Á meðan hækka bankar vexti á húsnæðislánum og stórfyrirtæki sem sjá almenningi fyrir nauðsynjavöru hleypa auknum vaxtakostnaði út í verðlagið. Almennur tekur höggið – fjármagnseigendur einungis vindhögg. Það er bæði óábyrgt og óásættanlegt að stjórnvöld láti launafólk bera þannig ábyrgð á hagstjórn landsins á meðan fjármagnseigendum og auðstéttinni er hlíf við sameiginlegum rekstri samfélagsins.

Ríkisstjórnin verður að grípa í taumana. Verð á nauðsynjavöru og þjónustu er svo velt áfram beint út í verðlagið, þrátt fyrir myndarlegan hagnað stórfyrirtækja, sem geta samviskulaust hækkað sína vöru á reglalausum markaði, og nú um áramótin lét ríkið ekki sitt eftir liggja.



Aðalfundur Sameykis telur það hafa alvarlegar afleiðingar fyrir launafólk að stórhækka gjöld og krónutöluskatta á almenning á sama tíma og stórfyrirtæki og fjármagnseigendur greiða 22% tekjuskatt af fjármagnstekjum sínum sem ekki stafa af atvinnurekstri en launafólk greiðir á bilinu 31,4–46,2% af sínum launatekjum.

## Niðurskurður stofnana ríkisins

Aðalfundur Sameykis mótmælir harðlega áætlunum ríkisstjórnarinnar að skera niður opinbera þjónustu með því að segja upp starfsfólki, leggja niður stofnanir og fækka mikilvægum verkefnum sem þær sinna fyrir samfélagið. Forsætisráðherra segir að ríkisstjórnin sé einhuga um þessi áform til að ráðast að verðbólgunni og spara í ríkisútgjöldum án þess að tilgreina á hvaða innviði verði ráðist með niðurskurðarhnífnum. Á sama tíma hyggst ríkisstjórnin sækja auknar tekjur með því að auka álögur á launafólk með hækkandi gjöldum og skertri þjónustu stofnana. Þetta eru þakkirnar til opinberra starfsmanna fyrir að standa vaktina í stormi heimsfaraldursins og tryggja innviði samfélagsins.

Aðalfundur ályktar og bendir forsætisráðherra á leiðir sem færar eru til að verja kaupmátt launa í stað þess að ráðast að launafólki með skattahækkunum og skertri þjónustu opinberra



stofnana ríkisins. Sú leið er að ríkissjóður afli tekna til að mæta útgjöldum með réttlátri og árangursmiðaðri skattheimtu á stóriðju, stórútgerðina, fiskeldi, fjármálastofnanir, fjármagnstekjur og hvalrekaskatt.

Aðalfundur Sameykis mótmælir harðlega fyrirætlunum ríkisstjórnarinnar sem munu hafa alvarlegar afleiðingar fyrir launafólk og samfélagið allt ef þær ná fram að ganga. Forsætisráðherra notar orðræðu um að við þjóðin séum öll í þessu saman. Það er rangt því stjórnvöld undanskilja fjármagnseigendur, erlenda auðhringa, stórútgerðina, stórfyrirtæki og þá sem nýta auðlindir þjóðarinnar í eigin þágu.

### Heilbrigðiskerfið er opinber þjónusta

Aðalfundur Sameykis mótmælir harðlega fjársveltistefnu ríkisstjórnar Íslands í heilbrigðiskerfinu þar sem tilgangurinn er augljós – að einkavæða þjónustuna. Ríkisstjórnin hefur lengi fjársvelt heilbrigðiskerfið og einungis einstök frammistaða starfsfólks í opinberri þjónustu sem starfar í heilbrigðiskerfinu og hefur lagt á sig ómælt og ómælanlegt erfiði heldur því gangandi við þröngan kost. Þó almenningur vilji að hið opinbera eigi að sjá um rekstur heilbrigðiskerfisins hefur einkavæðing í heilbrigðisþjónustunni aukist á síðustu árum.



Þannig hafa stjórnámálmenn gengið þvert gegn vilja þjóðarinnar í málaflökki sem almenningur telur einn af þeim mikilvægustu fyrir þjóðina. Það er þekkt aðferð að svelta stofnanir og tiltekna málaflökka svo megi einkavæða þá.

Talsmenn einkavæðingar í heilbrigðiskerfinu tala gjarnan um að ekki sé verið að einkavæða eitt né neitt, aðeins koma þjónustunni eða tilteknum þáttum hennar í einkarekstur. Þetta er hreinn útrúsnuningur sem virðist hafa þann eina tilgang að nota falletta orð en einkavæðingu yfir einkavæðingarstefnu

ríkisstjórnarinnar. Aukinn einkarekstur í heilbrigðiskerfinu er ekkert annað en einkavæðing á þjónustu sem veitt er almenningi og á að greiðast með almannafé. Slíkum einkarekstri er náð fram með opinberu stjórnþæki í formi þjónustusamninga sem almenningur greiðir fyrir og gefur sjálfstæðum aðilum tækifæri til að taka fé út úr rekstri heilbrigðisþjónustunnar.

Aðalfundur Sameykis leggst alfarið gegn einkavæðingu heilbrigðisþjónustunnar og gjaldtöku sem byggir einungis á hagnaðarsjónarmiðum og krefst þess að almenningur fái þá þjónustu sem þörf er á án þess að þurfa að greiða þriðja aðila sérstaklega fyrir úr eigin vasa.

### Vindmylluuppbygging á Íslandi

Aðalfundur Sameykis varar ríkisstjórn Íslands við þeim áformum auðmanna og landeigenda að reisa vindmyllugarða á stórum stíl á Íslandi, um 1000 vindmyllur á hátt í 40 landsvæðum í náttúru Íslands. Erlend stórfyrirtæki koma að uppbyggingunni og hafa fengið til liðs við sig fyrirverandi og núverandi þingmenn og ráðherra til að liðka til fyrir áformum sínum í íslenski stjórnsýslu – og beita ríkisstjórnina áhrifum þegar kemur að vindorkuverum sem munu velta milljörðum króna. Það er skylda ríkisstjórnarinnar að vernda almenning og náttúru Íslands fyrir slíkum fyrirætlunum. Náttúru Íslands verður að vernda fyrir komandi kynslóðir. Af þeirri raforku sem framleidd er fara 80% til stóriðju og stórnotenda, en 20% til almennings og smáfyrirtækja. Framvinda sölu á raforku



inn á evrópskan markað mun hafa þau áhrif að verð á raforku fyrir íslensk heimili mun stórhækka með alvarlegum afleiðingum. Fyrirætlanir þessara aðila er að selja rafmagn á evrópskan markað með sömu aðferðafræði og viðgengst hefur hjá stórfyrirtækjum í álframleiðslu hér á landi; að koma hagnaðinum úr landi í gegnum erlent eignarhald með skuldsetningu.

Aðalfundur Sameykis mótmælir þessum áformum harðlega, að náttúra Íslands verði þannig gerð að verðmætum fyrir peningabraskara. Málflutningur ríkisstjórnar Íslands er ekki trúverðugur – að gera ráð fyrir að þjóðin þurfi 75% meiri orku sem nemur þremur Kárahnjúkavirkjunum til að mæta orkuskiptunum. Það er ekki trúverðugur málflutningur að klæða græðgi erlendra fyrirtækja sem hér ætla að reisa vindmyllugarða í búning orkuskipta, þegar þau ætla að gera það til að selja hana úr landi og valda almenningi miklu tjóni.

Aðalfundur Sameykis tekur undir orð samtaka um náttúru- og landvernd sem gera ráð fyrir fullum orkuskiptum án þess að virkja meira, með því að draga úr orkunotkun stóriðju sem aldrei hefur greitt tekjuskatt fyrir sína orkunotkun hér á landi. ■

# Ávarp stéttarfélaganna í Reykjavík 1. maí 2023

Kæru félagar.

## Réttlæti-jöfnuður-velferð.

Yfirskrift þessa baráttudags okkar kjarnar vel þau gildi sem liggja verkalýðshreyfingunni til grundvallar. Þetta voru gildi þeirra sem á undan okkur fóru og lögðu grunn að því samfélagi sem við byggjum í dag með hugrekki sínu og baráttu og við skulum sameinast um að hafa þessi sömu gildi - réttlæti-jöfnuð og velferð - sem okkar leiðarljós til framtíðar.

Verkalýðshreyfingin er og hefur jafnan verið jákvætt og uppbyggilegt afl í samfélagi okkar. Baráttan fyrir réttindum launafólks, almanna-tryggingum, fyrir jöfnu aðgengi að heilbrigðisþjónustu, fyrir aðbúnaði sem nú þykir sjálfsgaður á vinnu-stöðum landsins, fæðingarorlofi og símenntun, fyrir lífi með reisn og afkomuöryggi hefur skilað árangri sem sjálfsgagt er að halda á lofti og fyllast stolti gagnvart.

Nú sem fyrr er barátta okkar í samræmi við þessi gildi og kröfur okkar miða jafnan að því að bæta íslenskt samfélag. Réttlætiskennnd segir okkur að jöfnuður sé eitt grunnskilyrði velferðar. Bætt kjör stuðla að samfélagslegum jöfnuði og aukinni velsæld.

Þannig er heilbrigður húsnæðis- og leigumarkaður réttlætismál sem varðar alla borgara landsins því án hans skiljum við út undan stóra hópa fólks og sinnum ekki grunnþörfum þess. Hin margvíslegu stuðningskerfi sem við höfum komið upp í árána rás eru einn hornsteina velferðarríkisins og þau verður að efla viljum við búa í samfélagi réttlætis og jöfnuðar.

Réttlæti, jöfnuður og velferð eru þau gildi sem móta forgangsröðun

okkar. Það er með tilliti til þeirra sem við mótmælum fjársveltistefnu stjórnvalda, niðurskurði í velferðarþjónustu og veikingu stuðningskerfa. Um leið krefjumst við þess að þjóðin fái notið sanngjarnari skiptingar þess arðs sem sameiginlegar auðlindir hennar skapa. Við munum ekki lengur líða þá forgangsröðun sem lýsir sér í stöðugri gæslu sérhagsmuna og blygðunarlausri þjónkun við fjármagnið. Réttlætiskennndin segir okkur að siðlegt samfélag fái ekki þrífist á svo fúnum undirstöðum.

Á síðustu mánuðum hafa verðbólga, síhækkandi vextir og almenn dýrtíð leikið launafólk grátt og háttar nú þannig til að kjarabætur samninga sem undirritaðir voru í desember hafa rýrnað svo mjög að ekki verður við unað. Hækkanir skatta og opinberra gjalda um áramót voru yfirlýsing um skeytingarleysi gagnvart hagsmunum launafólks. Tregða stjórnvalda til að bregðast við afkomuvanda almennings ber vott um furðulegt fálæti og segir allt um afstöðu ráðamanna til þeirra sem höllum fæti standa. Þessi brenglaða forgangsröðun særir réttlætiskennnd fólksins í landinu og gengur gegn gildismati þess.

Kjarasamningar losna eftir níu mánuði og ástæða er til að óttast að í algjört óefni stefni verði afstaða ríkisstjórnar og ráðherra óbreytt. Þegar við bætist lítt dulbúin viðleitni þingmanna eins stjórnarflokksins til að vega að rötum verkalýðshreyfingarinnar með ósvífnum lagabreytingum liggur fyrir að launafólk þarf að halda vöku sinni og efla samstöðu í sínum röðum gagnvart samfélagslegum niðurrifsöflum.

Á þessum baráttudegi verkalýðsins fögnum við vissulega unnum sigrum en sammælumst jafnframt um að

standa vörð um það sem áunnist hefur í gegnum samstöðu okkar og félagslegt starf. Þau réttindi munum við aldrei gefa eftir.

Launafólk reiðir sig á að stéttarfélag gæti hagsmuna þess þegar kemur að ákvörðunum stjórnvalda sem áhrif hafa á kaupmátt og velsæld á Íslandi. Á tímum óvissu, verðbólgu og niðurskurðar hlýtur verkalýðshreyfingin að herða varðstöðu sína um tilfærslukerfin í formi vaxta- og barnabóta, fæðingarorlofs og atvinnuleysisbóta.

Jafnframt krefst launafólk þess að stjórnvöld vakni af sínum þyrnirósar-svefni og bregðist við hækkandi verði á nauðsynjum, verðbólgu, vaxtahækkunum og kaupmáttarrýrnun launa. Við krefjumst þess að stjórnvöld fari að dæmi erlendra ríkisstjórna og grípi til raunverulegra aðgerða til að bæta hag heimila í stað þess að bjóða landsmönnum upp á þá froðu sem er að finna í nýrri fjármálaáætlun. Við krefjumst þess að íslensk fyrirtæki sýni samfélagslega ábyrgð og nýti ekki verðbólgu til að auka álagningu sína og arð.

Kæru félagar.

Við skulum strengja þess heit á þessum baráttudegi okkar að þetta raðirnar. Við stöndum á tímamótum og þurfum á öllum okkar styrk að halda í komandi kjaraviðræðum og í viðskiptum við stjórnmalamenn sem glatað hafa öllu jarðsambandi gagnvart störfum sínum og skyldum við fólkíð í landinu. Samstaða okkar er eina færa leiðin og bregðist hún vitum við að sérhagsmunir og fjármagnsöfl munu aðeins færa okkur og börnum okkar verri kjör og erfiðari lífsbaráttu.

## Réttlæti, jöfnuður og velferð!

Til hamingju með daginn!



## Styrktar- og sjúkrasjóður Sameykis

Flutningi félagsfólks Sameykis úr Styrktarsjóði BSRB í einn sameinaðan sjóð, Styrktar- og sjúkrasjóð Sameykis, er lokið. Í nýjum úthlutunarreglum er þess gætt að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar og að félagsfólk haldi réttindum sínum. Stærsta breytingin var að frá og með 1. janúar 2023 þarf félagsfólk að greiða í 6 mánuði af 12 og þar af 3 mánuði samfellt fyrir styrkveitingu.

Einnig breytast almanaksstyrkir yfir í 12 mánaða tímabil og fljóta þá réttindi eftir því hvernig styrkir eru nýttir miðað við dagsetningar en ekki almanaksár.

Hægt er að kynna sér reglur Styrktar- og sjúkrasjóðs á vef Sameykis og sækja um á Mínar síður.



**SAMEYKI**  
STÉTTARFÉLAG Í ALMANNARÞJÓNUSTU

# Þau sem ná ekki endum saman og hin sem eiga nóg

Eftir Heiði Margréti Björnsdóttur



Í fjármálaáætlun fyrir árin 2024–2028 sem ríkisstjórnin lagði fram í lok mars sl. er líkt og áður mikið gert úr þeim launahækkunum sem gerðar hafa verið hérlandis á síðustu árum og hvað tekjulægsti hópurinn hafi þar hækkað hlutfallslega mest. Þá hefur stjórnvöldum verið tíðrætt um mikilvægi þess að launafólk axli sína ábyrgð á hagstjórninni með því að takmarka kröfur um hærra laun og minnka einkaneyslu. Til þess að glöggva sig á þessari stöðu, sem þykir einstaklega góð, er gott að skoða nýlegar tölur og hafa hugfast að í allri umræðu um stöðu íbúa skal reyna að forðast að skoða eingöngu meðaltalstölur og reyna að fá sem fyllsta mynd af stöðu einstakra hópa.

Samkvæmt nýjustu skýrslu kjaratölfræðinefndar hækkaði grunnlífakaup hjá launafólki BSRB um 33,2% til 40,8% á tímabilinu mars 2019 til júní 2022<sup>1</sup>. Einhvern hluta af þeirri hækkan má þó rekja til vinnutímastyttingar og eru því ekki útborgaðar krónur um hver mánaðamót, heldur hærra laun fyrir hverja unna klukkustund. Á sama tímabili hækkaði vísitala neysliverðs um 18%. Að teknu tilliti til vinnutímastyttingar og verðbólguþróunar varð því sannarlega umtalsverð hækkan á tímabilinu.

## Konur hjá sveitarfélögum með lægstu launin

Við skoðun á launum félagsmanna BSRB í maí á síðasta ári má sjá að grunnlaun þeirra voru á bilinu 470–549 þ.kr., regluleg laun á bilinu 491–718 þ.kr. og regluleg heildarlaun

á bilinu 513–827 þ.kr. Í öllum fyrrgreindum flokkum voru launin lægst hjá konum sem starfa hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur. Launamunur kynjanna er mestur þegar litið er til reglulegra heildarlauna, eða á bilinu 7% til 29%.

Líkt og reglulega kemur fram í orðræðu um launahækkunar um þessar mundir eru krónutölur eitt en kaupmáttur, þ.e. hvað fæst fyrir krónurnar, annað. Stöðugt verðlag virðist fyrst og fremst nást með því að launafólk geri minni kröfur og reyni að hemja neyslugleðina.

Skoðum aðeins hvað fæst fyrir krónurnar í launaumslagin svo launafólk geti aðeins velt fyrir sér hvernig best sé að halda í við neysluna. Samkvæmt umboðsmanni skuldara<sup>2</sup> er framfærsluviðmið fyrir barnlausan einstakling m.v. neðangreindar forsendur 468.960 kr. á mánuði og einstaklingur með tvö börn þarf að vera með 749.020 kr. til ráðstöfunar á mánuði til að standa skil á mánaðarlegum útgjöldum. Barnlaus hjón þurfa að vera með 564.254 kr. á mánuði en ef þau eiga tvö börn þyrftu þau að vera með 845.260 kr.

Til þess að setja þetta í samhengi við laun félagsmanna BSRB þá eru ráðstöfunartekjur þeirra sem eru með 513 þ.kr. á mánuði í regluleg heildarlaun um 380 þ.kr.<sup>3</sup> Ráðstöfunartekjur þeirra sem eru með 827 þ.kr. eru um 560 þ.kr. á mánuði. Miðað við framfærsluviðmið umboðsmanns skuldara munar um 88 þ.kr. á mánuði að einstaklingur á lægstu reglulegu heildarlaunum BSRB (531 þ.kr.) geti framfleytt sér á mánuði og 368 þ.kr. að hann geti framfleytt sér einn með tveimur börnum. Einstaklingur á hæstu reglulegu heildarlauninum (827 þ.kr.) vantar einnig 188 þ.kr. til að geta framfleytt sér ef hann

## Miðgildi launa BSRB í maí 2022, fullvinnandi (þ.kr.)

	Almennir			Ríki			Reykjavíkurborg			Sveitarfélög utan RVK		
	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur
Grunnlaun	485	489	483	538	549	532	527	510	540	474	479	470
Regluleg laun	667	718	615	622	670	591	637	656	624	518	604	491
Regluleg heildarlaun	755	827	656	711	802	645	659	691	644	572	660	513

Tafla 1. Heimild: Kjaratölfræðinefnd

## Framfærsluviðmið fyrir mismunandi fjölskyldugerðir

	Einstakl., barnlaus	Einstakl. með tvö börn	Hjón, barnlaus	Hjón með tvö börn
Matur, hreinlætisv., heimilisbúnaður	60.950	126.775	107.851	173.677
Föt og skór	6.598	14.331	8.901	16.634
Læknis- og lyfjakostnaður	12.718	15.384	20.177	22.843
Tómstundir	28.376	47.257	41.339	60.220
Samskiptakostnaður	19.978	19.978	22.258	22.258
Önnur þjónusta	17.134	25.520	26.141	34.527
Samgöngur	63.206	79.775	67.587	85.101
Húsaleiga	200.000	300.000	200.000	300.000
Rafmagn, hiti og hússjóður	20.000	20.000	20.000	20.000
Fasteigna-/vatns-/fráv.gjöld	10.000	10.000	10.000	10.000
Tryggingar, aðrar en bílatr.	10.000	10.000	10.000	10.000
Skóli og dagvistun		40.000	-	50.000
Önnur útgjöld	20.000	40.000	30.000	40.000
<b>Samtals</b>	<b>468.960</b>	<b>749.020</b>	<b>564.254</b>	<b>845.260</b>

Tafla 2. Heimild: Umboðsmaður skuldara

er einn með tvö börn. Þá má einnig sjá að ef við gæfum okkur 10% hækkun launa frá þessum tölum myndi það ekki breyta þessari niðurstöðu, þ.e. fólk að nær ekki endum saman á launum sínum þó það kunni að minnka hallann.

Opinber tilfærslukerfi okkar eru til þess gerð að jafna aðstöðumun fólks, þ.e. færa fjármagn frá þeim sem eru í þeirri aðstöðu að vera með hærri tekjur til þeirra sem eru í störfum á lægri launum eða þeirra sem ekki eru í aðstöðu til þess að taka þátt á vinnumarkaði. Gróflega áætlað myndi einstætt foreldri með tvö börn fá um 130 þ.kr. í barna- og húsnæðisbætur á mánuði væru tekjur þess 513 þ.kr. (eða lægstu reglulegu heildarlaun BSRB)<sup>4</sup>. Það dugar þó skammt þegar það vantar 368 þ.kr. upp á framfærslukostnaðinn.

### Fjölskyldugerð og búsetuform hafa mikil áhrif á atkomu

Þessar niðurstöður eru í samræmi við Þjóðarpúls Gallup frá í febrúar síðastliðnum. Þar kemur fram að 30% þeirra sem eru með minna en 550 þ.kr. í fjölskyldutekjum á mánuði eru að safna skuldum eða eiga erfitt með að ná endum saman. Það sama á við um 37% þeirra sem búa í leiguhúsnæði og þá tekst 65% leigjenda ekki að safna sparifé og hafa því lítið færi á að geta leitað í annað og tryggara búsetuform. Húsnæðiskostnaður fyrrgreindra framfærsluviðmiða er á bilinu 43%–35% af heildarframfærslukostnaði á mánuði. Það er því ljóst að gríðarlega mikill aðstöðumunur er hjá fólki eftir því hvort það er á leigumarkaði, eða með miklar húsnæðisskuldir eða ef fólk á húsnæði sitt skuldlaust eða er með litla greiðslubyrði.


Þessar tölur eru í hrópandi andstöðu við lýsingar á stöðu efnahagslífsins í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar. Þar er rætt um bættu atkomu ríkissjóðs, hærri tekjur en búist var við, hagstæðar hagvaxtarhorfur og miklar launahækkanir. Þar er

verðbólgunni réttilega lýst sem mikilli áskorun en tiltekið að henni verði einungis haldið í skefjum ef samið verði um kjör á vinnumarkaði sem samræmast verðmætasköpun hagkerfisins. Hér er því verið að segja að launafólk og þeir sem eiga erfitt með að framfleyta sér þurfi að halda að sér höndum því þeir geti ekki ætlast til meiri tekna en þeirra hlutdeild er í verðmætasköpuninni.

### Tekjujöfnuður eykst á ný

Hvernig er þessum verðmætum skipt og hver er hlutdeild almenns launafólks? Þegar litið er til ráðstöfunartekna má sjá að tekjujöfnuður hefur aukist hér á landi undanfarin ár. Þegar borin er saman hlutdeild tekjuhæstu 10% fjölskyldanna við þær 10% sem eru tekjulægstar má sjá að árið 1997 voru þær 10% tekjuhæstu með 9,3 sinnum hærri ráðstöfunartekjur en þær sem voru með lægstu 10% tekjurnar. Þessi ójöfnuður náði hámarki á árunum fyrir hrun, lækkaði síðan í kjölfarið en hefur verið að hækka aftur. Voru ríkustu 10% með 12,5 sinnum hærri tekjur en þau 10% tekjulægstu árið 2020. Munurinn er enn meiri þegar litið er til ríkasta 1% fjölskyldanna og þeirra

### Tekjur 10% tekjuhæstu fjölskyldna sem hlutfall af þeim 10% tekjulægstu



Tafla 3. Heimild: Hagstofa Íslands

10% sem lægst hafa launin. Þar var ríkasta 1% með 17-faldar tekjur tekjulægsta hópsins árið 1997 og rauk upp í 38-faldan mun árið 2007. Sá munur lækkaði á árunum eftir hrun en hefur hækkað aftur og stóð í 25 árið 2021.


“

Þennan raunveruleika verða stjórnvöld að horfast í augu við sama hversu vel frumjöfnuðurinn kann að hljóma. Ef ekkert verður að gert heldur tekju- og eignaójöfnuður áfram að aukast með tilheyrandi áhrifum á íslenskt samfélag.

Háskóla Íslands kemur fram að um 80% Íslendinga telja að tekjujöfnuður sé of mikill hérlandis og 70% vilja að ríkið noti jöfnunartæki til þess að draga úr þessum ójöfnuði. Ójöfnuður hefur samkvæmt OECD marghliða afleiðingar fyrir samfélög þar sem hann dregur úr félagslegum stöðugleika, langtímahagvexti og tækifærum einstaklinga. Núverandi efnahagsástand þrengir að tekjulægri einstaklingum og barnafjölskyldum og ráðleggur OECD stjórnvöldum að takast á við þann ójöfnuð m.a. með því að tryggja að skatta- og tilfærslukerfin gagnist öllum.



#### Tekjur 1% tekjuhæstu fjölskyldna sem hlutfall af þeim 10% tekjulægstu



Tafla 4. Heimild: Hagstofa Íslands

#### Dæmi sem gengur ekki upp

Í stuttu máli má því segja að þótt laun hafi vissulega hækkað umtalsvert hér á landi gengur reikningsdæmið ekki upp fyrir stóra hópa á Íslandi. Laun undir meðaltali duga hreinlega ekki fyrir framfærslu fólks á leigumarkaði eða þeirra sem skulda mikið í eigin húsnæði, barnafólk á sérstaklega erfitt með að ná endum saman og einstæðir foreldrar eru settir í ómanneskjulega stöðu. Þetta fólk endar í mínus í hverjum mánuði þrátt fyrir að neita sér um efnisleg gæði, geta ekki rekið bíl, farið í frí með fjölskyldunni og svo framvegis. Þennan raunveruleika verða stjórnvöld að horfast í augu við sama hversu vel frumjöfnuðurinn kann að hljóma. Ef ekkert verður að gert heldur tekju- og eignaójöfnuður áfram að aukast með tilheyrandi áhrifum á íslenskt samfélag.

Í nýlegri rannsókn Sigrúnar Ólafsdóttur prófessors við

#### Áfram barist

Það eru því vonbrigði fyrir launafólk að fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar sem lögð var fram fyrir páska ávarpar með litlum sem engum hætti þær ábendingar sem verkalýðshreyfingin hefur til lengri tíma beint til stjórnvalda. Þær miða m.a. að því að tryggja afkomu þeirra tekjulægstu, standa vörð um velferðarkerfið og huga mun betur að barnafjölskyldum. Þetta má útfæra með margvíslegum hætti í gegnum þau jöfnunartæki sem stjórnvöld hafa til ráðstöfunar en kjósa að nýta sér ekki. BSRB mun áfram sýna stjórnvöldum aðhald og berjast fyrir breytingum á fjármálaáætlun til að slá á verðbólgu og tryggja örugga framfærslu almennings. ■

Höfundur er hagfræðingur hjá BSRB.

#### Heimildir:

- 1) [https://www.ktn.is/\\_files/ugd/c92559\\_342ccbee8c0142deb7d90577b378d5c7.pdf](https://www.ktn.is/_files/ugd/c92559_342ccbee8c0142deb7d90577b378d5c7.pdf)
- 2) <https://www.ums.is/is/adstod-vid-greidsluvanda/framfaerslu-reiknivél> Opinber neysluviðmið félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins hafa ekki verið uppfærð síðan 2019 og endurskoðun staðöð yfir síðan haustið 2020. Er hér því eingöngu notast við framfærsluviðmið umboðsmanns skuldara.
- 3) Hér er miðað við 2% í séreign og tæplega 1% stéttarfélagsgjöld auk lögbundins framlags í sameignarsjóð og reiknaða staðgreiðslu. Ekki er gert ráð fyrir neinum öðrum viðbótarfrádrætti í forsendunum.
- 4) Barnabætur eru áætlaðar með reiknivél Skattisins út frá framangreindum forsendum. Reiknivélina má finna hér: <https://www.skatturinn.is/einstaklingar/vaxtabaetur-og-barnabaetur/barnabaetur/> Húsnæðisbætur eru áætlaðar með reiknivél HMS út frá framangreindum forsendum. Reiknivélina má finna hér: <https://hms.is/husnaedi/husnaedisbaetur/reiknivél-husnaedisbota>





„Getuleysi íslenskra yfirvalda er kannski ekki aðeins fúsk heldur val; spilling í sjálfu sér. Ráðin eru þekkt, aðstoðin er í boði, fjöldi mála er opinber, almenningur löngu kominn með upp í kok.“

# Spillingin og við

Eftir Atla Þór Fanndal

Á árunum eftir seinna stríð komu fram upplýsingar um gríðarlega leynireikninga og faldar eignir Íslendinga. Stærstu innflytjendur landsins hlutu þunga dóma fyrir falsaða reikninga og fyrir að fela reikninga erlendis. Yfirvöld töldu árið 1979 að íslenskur almenningur greiddi allt að 5% hærra verð fyrir innflutta vöru vegna svindls en ellegar væri. Þú þarft ekki að vita af spillingunni til að þurfa að borga fyrir hana.



## Ekkert að sjá hér!

Málið rifjaðist upp fyrir mér þegar Panamaskjöldin sýndu einfaldlega að Ísland bjó við aflönduðustu ríkisstjórn heims miðað við lekann. Þrjá ráðherra mátti finna í skjölunum og einn sagði af sér eftir umtalsverð mótmæli en stofnaði nýjan flokk og endaði aftur á þingi. Þáverandi og núverandi fjármálaráðherra var einnig að finna í skjölunum en flokksfélagar hans gerðu lítið úr málinu. Ráðherrann sjálfur notaði stöðu sína til að tala niður, trufla og tefja kaup skattstjóra á gögnum Mossack Fonseca, þau sömu og finna mátti upplýsingar um hans viðskipti í. Þessi angi málsins var aldrei rannsakaður þótt augljóst megi teljast að slík framganga sé pólitísk spilling. Án rannsókna verður þó enginn kallaður til ábyrgðar.

Ég nefni þetta dæmi því fyrstu mánuðina í starfi mínu sem framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Transparency International var áberandi hvað margir spurðu; „Já, en Atli – er nokkur spilling hér á landi? Allavega ekki eins og í útlöndum eða hvað?“ Auðvitað er ekkert að því að spyrja grundvallarspurninga líkt og hvort spilling fyrirfinnist á Íslandi en þessi aðkoma fyrirbærisins í umfjöllun er merkileg vegna þess að hún útþurrkar hreint út sagt ótrúlega vel skrásetta sögu Íslands af braski allt frá gólfi til æðstu valda. Þá skiptir einnig máli að taka mark á svarinu. Annars erum við föst í sömu hjólförum að eilífu. Kannski það sé markmiðið?

## Yppt öxlum í landi faktúrfalsana

Ísland er nefnilega land faktúrfalsana, stríðsgróða, kosninga-svindls, Samherjamálsins, bankahruns, lundafléttu, Alþingis-ökuþóra og áhrifakaupa. Þetta vitum við því í gegnum alla lýðveldissöguna hafa fjölmiðlar fjallað um ótrúlegustu mál og flest málin gufa að lokum upp á meðan yfirvöld yppta öxlum og fela eigið aðgerðaleyfi annars vegar í þögninni og hins vegar í orðasalati um endurskoðun regluverks og lærdóm fyrir okkur öll. Allt annað en beinar aðgerðir, ábyrgð og lærdóm.

Hér birtist einmitt eðli spillingar. Hún felur sig í skugga eðlilegra gjörða. Þær ferðast nefnilega saman systurnar Spilling og

Fúsk, oft þannig að erfitt er að skilja aðra frá hinni. Kannski á það sérstaklega við hér á landi þar sem viðbrögð yfirvalda eru oftast en ekki: Ég er ekki spilltur, bara gjörsamlega vanhæfur. Auðvitað orða menn þetta öðruvísi en skilaboðin eru alltaf klúður en alls ekki spilling. Kannski getum við hrósað okkur fyrir þann árangur að nú gangist menn við klúðri. Það er ef til vill nýtt, eða hvað?



## Þegar kemur að baráttunni gegn spillingu er Ísland dæmi um land sem skorar tæknilega hátt en þegar kemur að framkvæmd og eftirfylgni og aðgerðum gegn spillingarvánni skrapar Ísland botninn.

### Stjórnmalastétt sem jaðarsetur gagnrýni

Nýlegt dæmi röksemdarfærslu um fúsk en alls ekki spillingu má finna í einkavæðingu Íslandsbanka. Aðgerð sem alla tíð hefur verið gríðarlega óvinsæl. Raunar hafa kannanir sýnt að sú hugmynd að lífið liggi við að selja hlut ríkisins í Íslandsbanka er hrein og klár jaðarskoðun í samfélaginu. Stjórnmalin komu þó alltaf fram við þessa stefnu ríkisins sem meginstraumsskoðun. Það er auðvitað ekki spilling að stjórnmalafólk búi í hliðarveruleika við almenning – þótt slíkt sé alls ekki eftirsóknarvert – en ég nefni þennan anga málsins vegna þess að það er hlutverk stjórnarflokkanna að sannfæra almenning um ágæti eigin stefnu. Stjórnmalastétt sem telur sig almennt yfir það hafna að ávinna sér lýðræðislegt umboð fyrir einstaka stefnumál er gerandi í sköpun umhverfis spillingar. Sala Íslandsbanka er dæmi þar sem andstaða almenning var raunar vopnavædd gegn góðum vinnubrögðum. Fyrst sem ástæðu til að hlusta ekki á varnarorð en síðar ástæðu til að jaðarsetja gagnrýnendur.

„Það er nú þannig að margir þeirra sem vilja lýsa vantrausti á öllu ferlinu að þeir eru gjarnan á móti því að allur bankinn sé seldur og eins stjórnarandstæðingar,“ sagði fjármálaráðherra í Kastljósi RÚV sjöunda apríl 2022. Ummælin féllu eftir að ljóst var að verklag við einkavæðinguna hafði með engum hætti staðið undir væntingum. Þessi hugsun ómaði þó í gegnum allt undirbúningsferlið sem fyrst og fremst virðist hafa falist í að sópa viðvörnum út af borðinu. Áður en hluti bankans

var einkavæddur komu fram viðvaranir um allt frá áhættunni um að tekinn yrði snúningur, áhugi erlendis yrði ef til vill ekki nægur, aðferð sölunnar félli illa að lögum og að skilgreiningin á fagfjárfestum þýddi einfaldlega ekki það sem væri boðað. Allt var hunsað og kannski er ekki aðalatriðið hvor stýrði skúttunni, spilling eða fúsk. Það blasir við að þær skiptu með sér vöktum.

### Spillingin látin óátalin á Íslandi

Það stóð nú ekki til að greinin fjallaði eingöngu um sölu Íslandsbanka en dæmið er svo lýsandi fyrir áhugaleysið sem barátta gegn spillingu fyrir gagnsæi, réttlæti og lýðræði mætir hér heima. Hér á landi hafa yfirvöld ekki sett sér heildstæða stefnu um að uppræta spillingu. Íslendingar eiga ekki stofnun sem fer eingöngu með það hlutverk að rannsaka hana. Lítið sem ekkert er til af rannsóknnum á eðli spillingar. Þær reglur sem settar hafa verið virðast oft fyrst og fremst settar í þeim tilgangi að bæta stemninguna á úttektafundum OECD, GRECO, FATF og UNODC – alþjóðastofnunum sem reglulega mæta með úttekta nefndir til að meta aðgerðir íslenskra stjórnvalda í baráttunni gegn spillingu. Auðvitað er hundleiðinlegt að þamba slappt kaffi með köldum kleinum á meðan úttekta nefndir skammast í manni fyrir áralangt aðgerðaleysi en markmið þessa stofnana er ekki góð stemning á fundum heldur barátta við stórkostlega alþjóðlega vá sem holar samfélag að innan, rænir almenning innviðum, skaðar viðskipti, ýkir loftlagsvá og skaðar launafólk um allan heim.

Þegar kemur að baráttunni gegn spillingu er Ísland dæmi um land sem skorar tæknilega hátt en þegar kemur að framkvæmd og eftirfylgni og aðgerðum gegn spillingarvánni skrapar Ísland botninn. Dæmi um þetta er nýleg skýrsla *Basel Institute on Governance, Ranking Money Laundering and Terrorist Financing Risks around the World* þar sem Ísland er, ásamt Lettlandi, tekið sérstaklega út fyrir sviga. „Sum lögsagnarumdæmi, eins og Lettland og Ísland, skora hátt á tæknilegum skilyrðum (67% og 83% í sömu röð) en núll hvað varðar skilvirkni.“ Það er hér sem við komum aftur að spurningunni – er nokkur spilling á Íslandi? Svárið er já og við stöndum okkur hörmulega í baráttunni gegn henni.

Transparency International skilgreinir spillingu svo: „Misbeiting á opinberu valdi til persónulegs ávinnings. Spilling þrífst þar sem eftirlit skortir, ákvarðanatataka er óljós og aðkoma og áhrif almenningu eru lítil eða engin. Spillingu má fyrirbyggja með gagnsæi hvað varðar upplýsingar og gjörðir valdhafa, sem almenningur getur skilið, treyst og fylgst með.“ Skilgreiningin nær ekki utan um allt en hefur þjónað baráttunni gegn spillingu vel. Misbeiting til ávinnings. Það eru nú öll geimvísindin.

### Sökinni varpað á ásakendurna

Þá má spyrja sig – eru viðbrögð yfirvalda almennt hröð, skýr og skilvirk þegar fram koma upplýsingar um hugsanlega spillingu? Aftur leyfi ég mér að svara – nei alls ekki! Hér vil ég nefna lítið og afar kjánalegt dæmi. Í síðasta mánuði sakaði dómsmálaráðherra þingmenn um mútubægni við veitingu ríkisborgararéttar. Ráðherra hefur mánuðum saman ýjað að slíku og notaði tækifærið í umræðu um brot hans

á þingskapalögum – sem ekki er uppi neinn raunverulegur lagaágreiningur um þrátt fyrir blaður einstaka þingmanna og ráðherra – þegar hann bannaði Útlendingastofnun að afhenda þinginu þau gögn sem þingið óskaði eftir á grundvelli 51. gr. þingskapalaga. Það var í þessari umræðu sem dómsmálaráðherra dró kanínu upp úr hatt og sakaði einfaldlega aðra um mútupægni.

Ef við leyfum okkur að horfa fram hjá hugarflugi ráðherra og veltum fyrir okkur hvort dómsmálaráðherra trúir því í raun og veru að fulltrúar löggjafans séu í laumi að selja gullin

svo upp leyfum við þeim að þrifa upp á meðan okkar ráðherra hringir í félag sinn til að stappa í hann stálinu og athuga líðan. Auðvitað er það rétt sem Drago Kos segir, yfirmaður vinnuhóps OECD gegn mútum, að það sé nánast vandræðalegt fyrir Ísland að yfirvöld í Namibíu dragi vagninn í rannsókn á Samherjamálinu.

Hugsanlega hefur vandamálið aldrei verið skortur á vitneskju. Getuleysi íslenskra yfirvalda er kannski ekki aðeins fúsk heldur val; spilling í sjálfu sér. Ráðin eru þekkt, aðstoðin er í boði, fjöldi mála er opinber, almenningur löngu kominn



„Eitt heldur lífi í spillingunni umfram annað. Ágóðinn af spilltu umhverfi sem ýtir undir brask, frændsemi og föngun ríkisvaldsins og finnur sér að mestu leið í veski fárra. Pólitískt aðgerðaleysi getur því verið ágætt fyrir þá sem eiga lausafé til að kaupa banka [...]“

vegabréf til að spenna upp launin sín – ímyndum okkur eitt andartak að vikum og mánuðum saman hafi ráðherra haft þennan grun. Hvað varð þá til þess að hann nefndi þetta fyrst í þingsal rúmu ári eftir að hann fór fyrst að ýja að þessu opinberlega? Ef dómsmálaráðherra hefur grun um stórfellt samsæri til mútupægni á þingi en finnur sig svo máttlausan gagnvart málinu að hann gerir ekki annað en að ýja að brotum í stað þess að kalla eftir rannsókn – hvað segir það þá um getu yfirvalda til að takast á við spillingu?

### Ráðherrar og spilltir vinir þeirra

Hér birtist aftur upphafspunktur greinarinnar. Við vitum öll að spillingu skolar ekki aðeins á fjörur Íslands heldur er hún ansi oft brugguð hér heima. Samherjamálið sýnir um leið að draumaeyjan í norðri er fær um að flytja hana beinlínis út. Sleppa henni lausri í Namibíu. Þegar allt kemst

með upp í kok. Flöskuhálsinn er hjá stjórnvöldum sem hunsa, snúa út úr og forðast að reisa varnir og rannsaka augljósar vísbendingar um brot.

Eitt heldur lífi í spillingunni umfram annað. Ágóðinn af spilltu umhverfi sem ýtir undir brask, frændsemi og föngun ríkisvaldsins og finnur sér að mestu leið í veski fárra. Pólitískt aðgerðaleysi getur því verið ágætt fyrir þá sem eiga lausafé til að kaupa banka og enn betra fyrir þá sem þegar eiga Teslur og lúxusíbúðir en gætu vel hugsað sér að eiga stjórnámálamenn. ■

*Höfundur er framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Transparency International.*

# Tryggja þarf börnum líf án fátæktar



Eftir Margréti Júlíu Rafnsdóttur

Öll börn á Íslandi eiga jafnan rétt á öryggi, menntun, bestu mögulegri heilsu og þátttöku í tómstundum, menningu og listum. Þessi réttur er þeim tryggður í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem samþykktur var árið 1989 á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og lögfestur á Íslandi árið 2013. Ekki má mismuna börnum um þennan rétt vegna stöðu sinnar eða stöðu foreldra.



Engu að síður er það svo að barn sem elst upp við fátækt fær ekki notið réttinda sinna á við önnur börn. Þessi börn búa gjarnan við ótryggari aðstæður, í leiguhúsnæði og jafnvel í húsnæði sem ekki er ætlað til búsetu. Þau þurfa gjarnan að flytja oft og ná því ekki að festa rætur eða eignast vini og eiga á hættu að verða félagslega einangruð. Þau hafa ekki sömu tækifæri til tómstundaiðkunar, þar sem kostnaður er mikill. Þau þora jafnvel ekki að láta sig dreyma um gott og innihaldsríkt líf.

Börn bera ekki ábyrgð á stöðu sinni og aðstæðum. Við öll berum hins vegar samfélagslega ábyrgð á að allar barnafjölskyldur geti búið við öryggi og bestu mögulegu lífsskilyrði. Tryggja þarf öllum börnum á Íslandi þau réttindi sem þeim ber og þar með jöfn tækifæri.

Barnafjölskyldur bera þungar byrðar og stuðningur samfélagsins er sannarlega ekki nægur til að létta byrðarnar.

## Börn sem búa við fátækt

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru mannréttindasamtök sem berjast fyrir réttindum barna og þar með að börnum sé ekki mismunað vegna stöðu sinnar eða stöðu foreldra þeirra. Í áratug hafa þau vaktað stöðu barna sem búa við fátækt.

Samtökin hafa í samvinnu við önnur Save the Children samtök í Evrópu unnið að rannsóknum og gefið út skýrslur með ályktunum og áskorunum til stjórnvalda landanna um að bregðast við. Lítið hefur þó áunnist því enn á eitt af hverjum fjórum börnum í Evrópu á hættu að búa við fátækt og félagslega einangrun. Það kemur fram í nýjustu skýrslu Evrópusamtaka Save the Children sem kom út í mars 2023; Tryggjum framtíð barna. Hvernig COVID-19, aukin framfærslubyrði og loftslagsbreytingar hafa áhrif á börn sem búa við fátækt og hvað stjórnvöld þurfa að gera.

Þar kemur jafnframt fram að á Íslandi búa 13,1% barna á heimilum undir lágtekjumörkum, eða um 10.000 börn. Árið 2021 áttu 24,1% íslenskra heimila í erfiðleikum með að standa straum af daglegum útgjöldum og ná endum saman. Í rúmlega helmingi tilfella voru það heimili einstæðra foreldra og 16,1% voru heimili tveggja eða fleiri fullorðinna með börn. Líklegra er að börn sem búa utan höfuðborgarsvæðisins búi við fátækt eða um 15,8% þeirra. Að auki eru fram undan miklar áskoranir í kjölfar covid-heimsfaraldurs, vegna stríðsins í Úkraínu og vegna loftslagsbreytinga sem okkur ber að takast á við. Líkur eru á aukinni fátækt barna sé ekkert að gert.

## Mæling á fátækt barna eftir löndum

Lönd	2019	2020	2021
Evrópusambandið (EU-27)	22,8%	24,0%	24,4%
Danmörk	13,8%	13,4%	14,0%
Þýskaland	15,4%	22,3%	23,5%
Spánn	31,0%	31,8%	33,4%
Ítalía	27,1%	28,9%	29,7%
Litháen	25,8%	23,1%	21,6%
Holland	15,4%	15,8%	14,9%
Pólland	16,2%	16,1%	16,5%
Rúmenía	39,1%	40,7%	41,5%
Finnland	13,8%	14,5%	13,2%
Svíþjóð	23,0%	20,2%	19,7%
Ísland	14,0%	12,7%	13,1%
Albanía*	23,0%	21,8%	22,0%
Kósovó	DNA	20,7%	23,0%

Gildi

>13,2 til 14,63  
>14,63 til 20,03  
>20,03 til 23,1  
>23,1 til 25,9  
>25,9 til 32,87  
>32,87 til 51  
DNA Gögn ekki til

\*Kósovó og Bosnía og Hersegovína eru ekki meðtalín í Eurostat gagnagrunni.

Heimild: Skýrsla Evrópusamtaka Save the Children, mars 2023.

## Staðan á Íslandi og loforð stjórnvalda

Verðbólga hefur meira en tvöfaldast á milli ára á Íslandi, frá 4,3% í byrjun árs 2022 í rúmlega 10% í lok febrúar árið 2023. Verðbólga og hækkun vaxta hefur aukið greiðslubyrði



Árið 2015 samþykktu stjórnvöld á Íslandi heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og þar með að minnka fátækt um helming í landinu fyrir árið 2030. Engar áætlanir hafa verið þó gerðar um það né stefna mörkuð.

fjölskyldna af húsnæðislánunum, leiguverð hefur hækkað og allar framfærslukostnaður. Þetta bitnar mest á þeim sem síst hafa tök á að taka á sig auknar byrðar. Eitt af hverjum fimm börnum sem búa í leiguhúsnæði er í hættu á að búa við fátækt og félagslega einangrun og 8,2% þeirra búa við skort.

## Árið 2015 samþykktu stjórnvöld á Íslandi heimsmarkmið

Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og þar með að minnka fátækt um helming í landinu fyrir árið 2030. Engar áætlanir hafa

þó verið gerðar um það né stefna mörkuð. Tíminn styttest og því mikilvægt að hraða áætlunum og aðgerðum. Barnaheill leggja áherslu á að uppræta þurfi fátækt með öllu meðal barna – því eitt barn sem elst upp við fátækt á Íslandi er einu barni of mikið.

## Hvernig upprætum við fátækt meðal barna á Íslandi?

Þar sem til þessa hefur ekki tekist að tryggja launafólki með börn á framfæri á Íslandi þær tekjur sem þarf til að börn þeirra fái notið þeirra réttinda sem þeim ber þarf einnig að bregðast við með öðrum hætti. Það er ekki síst gert með því að tryggja barnafjölskyldum örugga afkomu, að barnabætur byggji á framfærsluviðmiðum og að þjónusta við börn sé gjaldfrjáls.

### Barnaheill leggja þess vegna til eftirfarandi aðgerðir:

- Tryggja þarf gjaldfrjálsa menntun til 18 ára aldurs, þar með talin námsgögn. Menntunartilboð þurfa að miða að fjölbreytileika nemenda.
- Tryggja þarf öllum börnum næringarríka máltíð í skólum og gjaldfrjálsa með öllu fyrir þau börn sem búa við fátækt og/eða skort. Skólar og sveitarfélög þurfa að tryggja að engu barni sé vísað frá skólamat vegna þess að ekki hefur verið greitt fyrir matinn. Barnið ber ekki ábyrgð og á ekki að þurfa að vera svangt í skólanum vegna þess. Stefna þarf að gjaldfrjálsu mat í skólum fyrir öll börn.
- Endurskipuleggja þarf tómsundurir barna með það að markmiði að öll börn geti tekið þátt án hindrana. Það er ekki síst gert með samþættingu greina hjá ungum börnum ásamt reglum um kostnað við þátttöku, búnað, ferðalög og aðra viðburði.
- Endurskipuleggja þarf húsnæðiskerfið svo að lágtekjufjölskyldur hafi öruggt og heilsusamlegt húsnæði við hæfi. Taka mætti mið af því kerfi sem lagt var niður með lögum árið 2002 (verkamannabústaðir).
- Tryggja þarf öllum börnum gjaldfrjálsa geðheilbrigðisþjónustu og á þeim tíma sem þjónustunnar er þörf. Eyða þarf biðlistum eftir þjónustu. Geðheilbrigði er jafn mikilvægt fyrir líf og þroska og líkamlegt heilbrigði.


Síðast en ekki síst þarf að marka stefnu, setja markmið og aðgerðaáætlun til að ekkert barn búi við fátækt á Íslandi. Eitt ár í lífi barns er langur tími og barn hefur ekki tíma til að bíða. Barn sem elst upp við fátækt er líklegra til að búa við fátækt sem fullorðinn einstaklingur og við berum öll ábyrgð á að koma í veg fyrir það. Ríkisstjórn Íslands þarf því að ganga fram í að móta stefnu og standa við samþykktir sínar eftir að hún skrifaði undir heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um að minnka fátækt um helming á Íslandi fyrir árið 2030.

Ágæta starfsfólk í almannajónustu. Barnaheill þakka ykkur fyrir ykkar þátt í að standa vaktina fyrir börn á Íslandi. ■

Höfundur er verkefnastjóri innlendra verkefna og Evrópuverkefna Barnaheilla – Save the Children á Íslandi.

# Samkeppnismál eru (

## Eftir Auði Ölfu Ólafsdóttur



Á tímum mikillar verðbólgu eins og er í samfélaginu núna erum við rækilega minnt á áhrif verðlags á kjör (ef svo ólíklega vildi til að einhver hafi gleymt því). Það má í raun segja að neytendur og launafólk séu sitt hvor hliðin á sama teningnum. Rétt eins og það er mikilvægt að launafólk fái sanngjörn og mannsæmandi laun er mikilvægt að launafólk fái sem mest fyrir launin og njóti ábata af viðskiptum.

Kaupmáttur eykst ef laun og aðrar ráðstöfunartekjur hækka og ef verð lækkar. Kaupmáttur dregst að sama skapi saman ef verð hækkar umfram laun og aðrar tekjur og ef mikil verðbólga lætur á sér kræla. Virk samkeppni er gríðarlega stórt hagsmunamál fyrir launafólk og mikilvæg undirstaða verðmætasköpunar og velferðar í samfélaginu. Virk samkeppni stuðlar að lægra verði, betri þjónustu, auknum gæðum og auknu vöruúrvali. Samkeppni á markaði stuðlar einnig að nýsköpun og að almenningur geti stofnað fyrirtæki, tekið þátt í viðskiptum og keppt við önnur fyrirtæki á markaði. Nýsköpun er aðaldrifkraftur starfasköpunar og fjölgunar starfa og það eru því gríðarlegir hagsmunir í húfi fyrir almenning á Íslandi að samkeppni á markaði sé eflid. Virk samkeppni er einnig stórt hagsmunamál fyrir fyrirtæki en skortur á henni getur skapað aðgangshindranir og valdið ójafnvægi í stöðu fyrirtækja á markaði.


## Verð á fákeppnismörkuðum hækkað meira en verð þar sem meiri samkeppni er

Á þeim þrjátíu árum sem liðin eru síðan heildstæð samkeppnislög tóku gildi hér á landi hefur kaupmáttur tvöfaldast. Margir samverkandi þættir eru þess valdandi að kaupmáttur hefur aukist en sú staðreynd að aukin samkeppni hefur skilað sér í lægra verði á ýmissi vöru og þjónustu spilar stóra rullu í auknum kaupmætti almennings og betri lífsskjörum. Þó að margt

hafi áunnist er fákeppni enn viðvarandi á mörgum mikilvægum mörkuðum hér á landi. Hefur Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) margoft bent á að samkeppni sé ábótavant í mörgum atvinnugreinum hérlendis og að aukin samkeppni sé til þess fallin að bæta lífsskjör Íslendinga.

Miklar verðhækkningar á vöru og þjónustu á fákeppnismörkuðum segja líka sína sögu. Ef við skoðum vísitölu neysluverðs með gleraugum samkeppninnar má sjá að verð á þeim mörkuðum sem fákeppni ríkir hefur hækkað umfram verð á annarri vöru og þjónustu. Þannig má sjá að verð á dagvörumarkaði, váttryggingamarkaði og bankamarkaði, sem skilgreindir hafa verið sem fákeppnismarkaðir, hefur hækkað mun meira en verð

## Vísitala neysluverðs – hlaupandi meðaltal 12 mánaða



“

Það er tími til kominn að stjórnvöld sýni að þau láti ekki undan þrýstingi sérhagsmunaafla sem hagnast á fákeppni heldur vinni að almannahagsmunum og styrki og efli samkeppni og samkeppniseftirlit hér á landi, launafólki og almenningi öllum í hag.

# harðkjarna) kjaramál

á vörum eins og fatnaði, skóm og tölvum sem eru á mörkuðum sem hafa fengið meira samkeppnislegt aðhald og hækkað minna. Það væri mikil einföldun að segja að samkeppni sé ein að verki en að sama skapi þyrfti einbeittan brotavilja til að vísa því á bug að hún skipti máli í þessu samhengi.

## Verðhækkningar meiri og ganga síður til baka í fákeppnisumhverfi

Samkeppni er ekki töfralyf við þeirri miklu verðbólgu sem er í samfélaginu núna og margir samverkandi þættir hafa gert það að verkum að verðbólga hefur aukist jafn mikið og raun ber vitni. Í verðbólguástandi geta fyrirtæki á fákeppnismörkuðum þó átt auðveldara með að velta verðhækkunum yfir á neytendur og þá ganga verðhækkningar síður til baka á fákeppnismörkuðum þegar dregur úr verðbólguþrýstingi. Stjórnvöld víða um heim eru vakandi yfir þessari þróun og mikilvægi samkeppniseftirlits í þessu verðbólguástandi og hafa norsk stjórnvöld t.d. sett aukið fjármagn í samkeppniseftirlit þar í landi vegna þess.

## Almannahagsmunir eða sérhagsmunir?

Þrátt fyrir að samkeppni sé mikilvæg á verðbólguútímum er virk samkeppni ekki átaksverkefni heldur langtímaverkefni sem þarf að sinna jafnt og þétt. Til þess að stuðla að virkri samkeppni þurfa leikreglurnar á frjálsum markaði að vera sanngjarnar, stuðla að jafnræði eins og kostur er og tryggja jafnræði meðal aðila, neytenda og fyrirtækja. Slíkar leikreglur stuðla að því að þátttakendur í leiknum, eða aðilar í viðskiptum, fái allir eitthvað fyrir sinn snúð og að enginn fari halloka í viðskiptunum. Samkeppniseftirlit gegnir því hlutverki að fylgja þessum leikreglum eftir, vinna gegn samkeppnishömlum og fákeppni og greiða veginn fyrir heilbrigðri samkeppni á markaði, launafólki og fyrirtækjum í hag. Það er síðan á ábyrgð stjórnvalda að sjá til þess að leikreglurnar (lög og reglur) séu þannig úr garði gerðar að þær uppfylli þessi markmið og að samkeppnisyfirvöld hafi næg bjargráð og styrk til að fylgja þeim eftir.

Þó samkeppni leiði af sér minni skilvirkni, dragi úr hagkvæmni á markaði og skili sér í tapi fyrir samfélagið í heild getur ójafnvægi á markaði gagnast fyrirtækjum í sterkri stöðu á fákeppnismarkaði. Veikt samkeppniseftirlit er því hagur fárra og hampar sérhagsmunaöflum

á kostnað almannahagsmuna. Það eru því ekki allir jafn hrifnir af samkeppniseftirliti – hafa ýmis sérhagsmunaöfl verið iðin við að finna samkeppniseftirliti hér á landi allt til foráttu og unnið leynt og ljóst að því að draga úr mætti þess.

Barátta sérhagsmunaafila í Bandaríkjunum hefur einmitt orðið til þess að samkeppniseftirlit þar í landi hefur verið veikt. Það hefur leitt til neikvæðrar samþjöppunar á markaði og dregið úr samkeppni. Afleiðingarnar eru þær að verð hefur hækkað og étið upp launahækkningar, dregið úr kaupmætti og komið niður á lífskjörum almennings. Þá hefur dregið úr fjárfestingu og framleiðni auk þess sem fjölgun starfa hefur verið minni en ella. Öflug þróun hefur átt sér stað í Evrópu en þar hefur aukin áhersla verið lögð á samkeppnismál síðustu áratugi sem hefur skilað sér í bættum lífskjörum og hafa Íslendingar notið góðs af þeirri þróun í gegnum EES-samninginn.

## Aðgerða er þörf


Þrátt fyrir augljósan ávinning samkeppni fyrir launafólk og samfélagið allt, bæði til lengri tíma og í því verðbólguástandi sem ríkir núna, hafa stjórnvöld hér á landi sýnt lítinn áhuga á að styrkja samkeppniseftirlit, gera betrubætur á gildandi lögum og reglum til að efla samkeppni eða ráðast í aðrar aðgerðir sem væru til þess fallnar að auka samkeppni. Íslensk stjórnvöld hafa þvert á móti nýlega samþykkt lagabreytingar sem frekar draga úr getu samkeppnisyrvalda til að sinna sínu hlutverki og veikja samkeppni. Þá sýnir nýleg úttekt Ríkisendurskoðunar að verkefnastaða Samkeppniseftirlitsins er svo þung að það kemur niður á starfsemi stofnunarinnar og svigrúmi hennar til þess að ráðast í markaðsrannsóknir og eftirlitsverkefni sem ekki er vanþörf á í því fákeppnisumhverfi sem ríkir hér á landi.

Það er tími til kominn að stjórnvöld sýni að þau láti ekki undan þrýstingi sérhagsmunaafila sem hagnast á fákeppni heldur vinni að almannahagsmunum og styrki og efli samkeppni og samkeppniseftirlit hér á landi, launafólki og almennungi öllum í hag. Stöndum saman og setjum samkeppnismál á oddinn í baráttunni fyrir auknum kaupmætti og betri lífskjörum!

Gleðilegan fyrsta maí! ■

*Höfundur er Sérfræðingur í umhverfis- og neytendamálum hjá ASI.*



A portrait of Stefán Ólafsson, an older man with grey hair and glasses, wearing a dark turtleneck sweater. He is sitting at a desk with his hands clasped, looking directly at the camera. Behind him is a large bookshelf filled with books. The lighting is soft and focused on him.

# Þurfum að fá stéttastjórnsmál í tísku á ný

Eftir Axel Jón Ellenarson  
Ljósmyndir: Heiða Helgadóttir

**Stefán Ólafsson, prófessor emeritus, lauk doktorsprófi í félagsfræði árið 1982 frá Oxford-háskóla á Englandi og starfaði við Háskóla Íslands frá 1980 til ársins 2020 þegar hann réð sig í fullt starf hjá Eflingu sem sérfræðingur á sviði rannsókna á vinnumarkaðnum. Af ritum hans má nefna bækurnar Hagvöxtur og hugarfar frá 1996, Íslenska leiðin frá 1999, Ójöfnuður á Íslandi sem kom út árið 2018 og svo nýjustu bók hans Baráttan um bjargirnar með undirtitlinum Stjórnsmál og stéttabaráttan í mótun íslensks samfélags sem kom út á síðasta ári. Bókin var tilnefnd til íslensku bókmenntaverðlaunanna og má segja að hún sé tímamótaverk sem afhjúpar hvernig verkalýðshreyfingin hefur mótað íslenskt samfélag fram eftir tuttugustu öldinni til 1990 þegar sérhagsmunaöfl yfirstéttarinnar tóku yfir velferðarríkið.**



Vegna djúprar og skarprar þekkingar Stefáns á íslensku samfélagi fór blaðamaður ásamt ljósmyndara á fund Stefáns í

Eflingu til að rekja úr honum garninnar, í óeiginlegri merkingu auðvitað, um verkalyðsmál, efnahagsmál, alþjóðavæðingu, stöðu verkalyðshreyfingarinnar o.fl. Við hófum viðtalið á að spyrja Stefán út í sögu verkalyðshreyfingarinnar og viðtæku fylgi almennings við að vernda velferðarríkið sem ríkisstjórnin virðist ekkert vera allt of spennt að hlúa að.



„Ég myndi segja að verkalyðshreyfingin á þessum áratugum eftir seinni heimsstyrjöld hafi náð því að byggja upp umtalsverðan styrk og einnig á millistriðsárunum frá 1916 og fram að seinni heimsstyrjöld. Áratuginir eftir seinna stríð alveg fram að 1990 einkenndust af miklum framförum, velsæld og auknum jöfnuði. Verkalyðshreyfingin var þá með heilmikinn stuðning þegar hún beitti sér t.d. í frægum verkföllum skömmu upp úr 1950 og 1955 og síðar. Mjög oft eftir 1960 var háð hörð kjarabaráttu og var viðtækur stuðningur við aðgerðir verkalyðshreyfingarinnar, við kröfurnar og einnig við verkföll þegar til þeirra kom,“ segir Stefán.

### Verkalyðshreyfingin höfð fyrir rangri sök

„Ástæða þess að svo oft kom til verkfalla hér eftir 1960 var að tekin var upp öðruvísi hagstjórn þar sem gengisfellingum var beitt í mjög ríkum mæli. Þær höfðu þau áhrif að hleypa af stað verðbólguþylgjum sem skerti kaupmátt launa. Verkalyðshreyfingin kom svo iðulega einu, stundum tveimur árum síðar, til að endurheimta tapaðan kaupmátt og þurfti þá að beita öllu sínu affi til að ná kröfum sínum fram. Það heppnaðist oftast mjög vel þannig að það tókst að endurheimta kaupmátt og bæta. Nú er þessu öðruvísi farið. Búið er að snúa þessu öllu á haus í umræðunni þar sem ríkjandi eru sjónarmið atvinnurekenda, hægri stjórnmála og að mörgu leyti margra fjölmiðla líka. Þar er því haldið fram að verðbólgan sem tilheyrði þessu tímabili eftir 1960 og til ársins 1990 hafi fyrst og fremst verið verkalyðshreyfingunni að kenna vegna þess að hún hafi verið með of miklar launakröfur og búið til þennan vítahring. Í þessari söguskýringu er algjörlega lítið fram hjá því að verkalyðshreyfingin var alltaf í varnarbaráttu – að verja kaupmátt og réttindi. Aðalorsök verðbólgunnar var eins og ég sagði áðan gengisfellingar stjórnvalda. Við sjáum líka þegar að þjóðarsáttinni kom 1990 töluðu stjórnmálamenn á þeim nótum að tekist hefði að hemja kröfur verkalyðshreyfingarinnar og að hún semdi til lengri tíma um hóflegar hækkanir. Þá horfðu þó margir fram hjá því sem breyttist á þessum tíma – gengispólitíkin breyttist sem birtist í gengisaðhaldi; meira aðhaldi Seðlabankans og breytti peningastefnu sem gerði það að verkum að verkalyðshreyfingin gat sætt sig við hóflegri launahækkanir sem skiluðu auknum kaupmætti vegna þess að ekki var verið að sprengja verðbólguna upp með gengisfellingum. Þegar tekin var upp ný stefna 2001 hjá Seðlabankanum, að festa í sessi verðbólguþylgumarkmið, þá var búið að byggja inn aðhald á beitingu gengisfellinga því þær rústa verðbólguþylgumarkmiðum hans, rétt eins og þær eru að gera núna og á síðasta ári.“

### Velferðarríkið fórnarlamb nýfrjálshyggjunnar

„Nú á dögum er velferðarríkið orðið fórnarlamb hugmyndafræði nýfrjálshyggju sem gengur öll út á að draga úr hlutverki ríkisins, draga úr fjárveitingum ríkisins til velferðarmála og opinberrar

þjónustu. Þessi stefna birtist okkur í auknum skerðingum og sveltistefnu ríkisstjórnarinnar þegar hún skerðir stuðninginn við heimilin í forni húsnæðisstuðnings, barnabóta og vaxtabóta. Þetta hefur allt saman rýrnað mikið á sama tíma og skattbyrði lægri tekjuhópa hefur aukist stórlega frá 1990. Við sjáum þetta líka í heilbrigðiskerfinu. Árið 2003 var Ísland næsthæst, á eftir Noregi, í útgjöldum Norðurlandanna til heilbrigðismála. Núna erum við komin niður fyrir meðaltal Norðurlandanna í útgjöldum til heilbrigðismála. Þetta minna framlag skapar minni



Ég las það svolítið þannig að verkalyðshreyfingin lét það yfir sig ganga að stjórnvöld hafi gengist inn á hugmyndafræði nýfrjálshyggjunnar sem birtist í því að stjórnvöld, með lúmskum aðferðum, hækkuðu skatta á láglæuna- og millitekjuhópana en um leið lækkuðu skattbyrði á hærri tekjuhópa.

getu heilbrigðiskerfisins. Við sjáum þetta í lengri biðlistum eftir heilbrigðisþjónustu, hærri þjónustugjöldum, auknu álagi og lakari þjónustu að sumu leyti. Þetta kerfi heldur alls ekki í við fólksfjölgunina og mikla aukningu ferðamanna hingað til lands sem bæði veikjast og slasast eins og Íslendingar, reyndar veikjast og slasast ferðamenn meira en Íslendingar. Auðvitað lendir þetta allt á heilbrigðiskerfinu.

Þá sjáum við líka hvernig nýfrjálshyggjustefnan fór með húsnæðismálin. Stjórnvöld lögðu niður félagslega húsnæðiskerfið 1999 sem verkalyðshreyfingin hafði byggt upp á löngum tíma frá 1929, eða næstum alla tuttugustu öldina,“ bætir Stefán við.

Hann segir að þegar verkamannabústaðakerfið hafi verið lagt niður hafi verkalyðshreyfingin mótmælt þeim áformum en lítið hafi farið fyrir þeim.

„Verkalyðshreyfingin tjáði mótmæli sín en það fór kannski ekki mikið fyrir því. Á þingi var Jóhanna Sigurðardóttir sem talaði gegn þessum áformum og hélt uppi málþófi en tíðarandi nýfrjálshyggjunnar á þessum árum 1995–1999 var orðinn gríðarlega sterkur og ég held að vinstri flokkarnir á Alþingi hafi orðið á þessum árum að fórnarlömbum nýfrjálshyggjunnar líka. Þannig að forsendur fyrir viðnámi voru orðnar mjög veikar. Verkalyðshreyfingin í kjölfar þjóðarsáttarinnar gleypiti þetta

svoltið líka og fór að slá af í kröfum sínum, bæði í launakröfum en sofnaði líka talsvert á verðinum að vernda velferðarríkið sem hún átti stóran þátt í að byggja upp. Við sáum líka hversu dofín verkalýðshreyfingin var í hruninu. Hún tók ekki nærri nógu vel með í árarar að styðja heimilin í skuldabyrðinni. Þá settist hún í það hlutverk að verja lífeyrissjóðina sem er út af fyrir sig mikilvægt en hún hefði líka þurft að gera þær kröfur til stjórnvalda að þau stæðu betur með heimilunum en þau gerðu. Hún hefði getað gert svo miklu betur.

### Sofið áfram en almenningur vaknar

Hins vegar voru aðrir sem stóðu utan við stjórn málin og verkalýðspólitíkina sem stóðu betur með almenningi eins og Hagsmunasamtök heimilanna á þessum tíma – Búsáhaldaþingin. Ég las það svoltið þannig að verkalýðshreyfingin hefði látið það yfir sig ganga að stjórnvöld hefðu gengist inn á hugmyndafræði nýfrjáshyggjunnar sem birtist í að stjórnvöld, með lúmskum aðferðum, hækkuðu skatta á láglauna- og millitekjuhópana en lækkuðu um leið skattbyrði á hærri tekjuhópa, og svo með fjármagnstekjuskatti sem



Allir hljóta að vera búnir að draga þann lærdóm, þegar kemur að næsta kjarasamningi fyrir næstu jól, að fara þarf fram saman og ná fram samstilltum krafti í að laga þetta. Þessir nýju samningar fóru afvega sem hefur svo sem gerst áður í sögu verkalýðshreyfingarinnar.

stórlækkaði skatttekjur þeirra efnamestu. Verkalýðshreyfingin var yfirleitt ekkert að skipta sér af þessari kjarabaráttu yfirstéttarinnar sem gekk fram af miklum krafti, með mikilli hörku og skilaði miklum árangri. Þetta gekk yfir frá 1995 fram að hrúni 2008 þar sem ríkidæmi efsta eina prósentans stórmagnast með meiri hraða en við höfum áður séð annars staðar á Vesturlöndum. Verkalýðshreyfingin sat hjá andvaralaus og skipti sér ekkert af þessu. Lífeyrissjóðirnir spiluðu með. Verkalýðshreyfingin bregst svo við með varnararáttu eftir hrún með því að samþykkja að kjarasamningar væru teknir úr sambandi og lagði áherslu á að stjórnvöld hækkuðu ekki skatta á breiðu bökin. Þetta fannst mér ekki góð útkoma fyrir verkalýðshreyfinguna og það er ekki fyrr en umskipti verða í verkalýðshreyfingunni á árunum eftir hrún sem hún fer að taka fastar á, eins og í kjarasamningum 2015–16, eftir að kjaradómur var búinn að úthluta stjórn málamönnum

og embættismönnum gríðarlegum kauphækkunum sem settu samfélagið á annan endann og lækna fengu 30 prósent kauphækkun.“

### Höfðu enga trú á lífskjarasamningnum

Segja má að Efling hafi verið fótgönguliðinn í lífskjarasamningunum þar sem lagt var upp úr krónutöluhækkunum sem komu vel út bæði fyrir Eflingarfélagi og almenna vinnumarkaðinn en líka fyrir aðra hópa á opinbera vinnumarkaðnum. Efling var fyrst til að tala um flatar krónutöluhækkunarir og gera þær kröfur að stjórnvöld lækkuðu tekjuskatta á lægri launahópana og milli-tekjuhópa en myndi svo fjara út eftir því sem launin væru hærrí.

„Í lífskjarasamningunum náðist góð samstaða þegar Efling og VR voru í forystu með einstaka félagi úr SGS. Þar náðist góður árangur sem skilaði hærri launum og kaupmætti fyrir bæði almenna og opinbera vinnumarkaðinn. Ég man að forystufólk innan hreyfingarinnar hafði enga trú á þessu þegar við vorum að tala um þetta, sögðu að þetta yrði of dýrt og við myndum ekkert komast áfram með þetta. En það tókst að fá alvöru lækku á tekjuskatti sem sneri við skattastefnu stjórnvalda sem hafði verið sú að rýra persónuafsláttinn og þar með auka skattbyrði lægstu tekjuhópanna mest. Það var galli sem gerðist eftir kjarasamningana 2015 að ríkið var sífellt að taka stærrí hluta af lægstu laununum og við gátum stoppað þessa þróun í lífskjarasamningum. Í kjölfar þessara samninga fannst mér verkalýðshreyfingin skynja það að hún gat haft meiri áhrif en menn höfðu gengið út frá áður, allt frá því þegar dofnaði yfir henni eftir þjóðarsáttina,“ útskýrir hann.

Á síðustu tveimur árum hefur komið til sundrunar innan verkalýðshreyfingarinnar. Stefán segir að hann bindi miklar vonir við að takist að brúa það á ný. Hann segir að kjarasamningarnir sem gerðir voru á síðasta ári felu í sér kaupmáttarskerðingu fyrir flesta á sama tíma og Seðlabankinn sé að þyngja húsnæðiskostnaðinn stórlega.

„Allir hljóta að vera búnir að draga þann lærdóm, þegar kemur að næsta kjarasamningi fyrir næstu jól, að fara þarf fram saman og ná fram samstilltum krafti í að laga þetta. Þessir nýju samningar fóru afvega sem hefur svo sem gerst áður í sögu verkalýðshreyfingarinnar,“ segir Stefán og brosir.

### Svokallaðar verðbólguvæntingar

Stefán fjallar um í nýjustu bókinni sinni um hagvöxt og réttláta skiptingu á því sem þjóðfélagið skapar og segir að almennt sé talið að aukinn hagvöxtur skili sér í sanngjarnari launþróun. En er það raunin?

„Það er bara alls ekki sjálfgefið og gerist ekki sjálfkrafa að aukinn hagvöxtur skili sér til launafólks. Við sjáum það bara á árinu í fyrri þar sem var methagvöxtur, næstum eins mikill og á árinu 2007. Í kjölfar tímabundinna erfiðleika vegna heimsfaraldursins og innrásar Rússa í Úkraínu og hömlum í áfangakeðjum varð hér verðbólga sem kom að tveimur þriðju hlutum erlendis frá. Síðan þegar verðbólgan er komin af stað er alltaf hætta á þeim snjóboltaáhrifum sem hagfræðingarnir hafa gefið nafnið verðbólguvæntingar. Þegar er búið að gera kjarasamninga er launafólk ekki með neinar verðbólguvæntingar heldur fyrirtækin sem hækka verð. Því ættu verðbólguvæntingar í venjulegu



„Við höfum ekki gætt nándar nærri eins vel að tryggja hag þjóðarinnar af sjávarauðlindinni eins og Norðmenn hafa gætt að sinni auðlind, olíuauðlindinni, til að tryggja hag þjóðarinnar. Við gerðum það ekki og gerum það ekki heldur þegar við erum að selja ferðamönnum aðgang að náttúrufergurð landsins.“

árferði að heita verðbólgutækifæri fyrir fyrirtækjæigendur því þeir nota sér verðbólgutíðarandann til að hækka verð á vöru og þjónustu, kenna útlöndum um eða einhverju öðru og taka þannig inn aukinn hagnað. Það gerist þrátt fyrir gríðarlegan hagvöxt sem þýðir aukinn hagnað fyrirtækjanna. Þá er metnaður verkalyðshreyfingarinnar t.d. í síðustu kjarasamningum Starfsgreinasambandsins að halda kaupmætti og vona að kaupmáttur aukist. Raunin er að hann er að veikjast mikið og mun halda áfram að rýrna í hverjum mánuði út þetta ár. Á meðan hagnast fyrirtækin og það er ágætt dæmi um að hagvöxturinn skilar sér ekki sjálfkrafa til launafólks, og ekki einu sinni með verkföllum sem Efling stóð fyrir sem skilaði því miður engu vegna þess að það var búið að girða hana inni með samningum SGS,“ segir Stefán og bætir við að verðbólgan sé enn það mikil og að launin hækki ekki fyrr eftir næstu kjarasamninga í janúar nk.

### **Aðgangur sérhagsmunaafila að valdi og auð**

Ríkisstjórnin virðist ekki vilja sækja auknar tekjur ríkisins til þeirra sem hafa stórkostlegan hagnað af nýtingu auðlinda þjóðarinnar. Ætla má að þeir aðilar sem nýta þær séu einhvern veginn ósnertanlegir. Fjármagnið sem þær skapa er helgað sérhagsmunaaðilum og launafólk látið eitt um að bera hitann og þungann af rekstri velferðarríkisins. Hvað finnst Stefáni um það?

„Þetta er það sem ég er að reyna að útlista í bókinni minni, skýra af hverju íslenska velferðarríkið er eftirbátur velferðarkerfanna á Norðurlöndunum og reyna að svara hvers vegna gæði þess hafa rýrnað á undanföllum árum ásamt innviðunum. Þetta er allt saman skýranlegt út frá hagsmunum og valdi þeirra sem ekki vilja ganga að atvinnurekendum, fyrirtækjæigendum, fjármagnseigendum og efnaðasta fólkinu í landinu til að standa með almenningi undir velferðarríkinu. Svo einfalt er það. Þessir aðilar hafa meira vald og aðgang að stjórn málinum í gegnum Sjálfstæðisflokkinn og Framsóknarflokkinn, sérstaklega þegar

þessir tveir flokkar stýra landinu saman standa þeir vörð um hagsmuni þessara hópa. Það birtist í að þeir halda veiðileyfagjaldinu allt of lágu, fjármagnstekjuskattinum allt of lágum, miklu lægri hér en í nágrannalöndunum. Einnig er tekjuskattsálagning á hátekjuhópa miklu lægri hér en á hinum Norðurlöndunum ásamt miklum skerðingum í almannatryggingakerfinu. Þetta eru leiðir þeirra til að hafa af þjóðinni eðlilegan skerf af þjóðarframleiðslunni. Þá er auðlindaskattheimtan óeðlilega lág hér á landi. Við höfum ekki gætt nándar nærri eins vel að tryggja hag þjóðarinnar af sjávarauðlindinni eins og Norðmenn hafa gætt að sinni auðlind, olíuauðlindinni, til að tryggja hag þjóðarinnar. Við gerðum það ekki og gerum það ekki heldur þegar við erum að selja ferðamönnum aðgang að náttúrufergurð landsins. Við höfum samt fengið góðan arð af orkuauðlindinni í gegnum Landsvirkjun sem er í eigu þjóðarinnar, en það eru þessi sömu öfl á hægri vægnum sem vilja selja Landsvirkjun, og Sjálfstæðisflokkurinn var byrjaður á að selja HS-orku til fjármálabraskara til Kanada sem ekkert vit hafði á orkumálum og hafði ekkert fram að færa hér til þeirra. Þessum braskara var meira að segja lánað fyrir kaupverðinu af Hitaveitu Suðurnesja. Þetta er sorglegt, eiginlega lélegt viðskiptavit, og ég mundi ekki andmæla því ef einhver myndi vilja kalla þetta spillingu því þarna var verið að sniðganga hag almennings sem var eigandinn. Sem betur fer eigum við enn þá Landsvirkjun og Orkuveituna.“

### **Nýr farvegur sérhagsmuna opnaður**

Stefán segir að nú séu stjórnvöld að opna nýjan farveg fyrir vindorkuframléiðslu sem lagt er upp með að verði í eigu útlendinga. Þjóðin komi þar hvergi nærri. Hann segir að á sama tíma molni undan innviðum þjóðarinnar.

„Arðurinn af þessari fyrirhuguðu raforkuframléiðslu verður allur fluttur úr landi, rétt eins og með laxeldið. Það blasir við að þegar arður af þjóðarauðlindum skilar sér ekki til þjóðarinnar molnar undan innviðunum. Það er hættu á að öllu fari aftur, rétt eins og



## Mér finnst heilmikil tilefni til að sameina þessa krafta, að verkalýðshreyfingin rækti sambandið við stjórnsmál sem vilja setja málefni almennings, sérstaklega láglæna- og millitekjuhópanna, í forgang. Það er verulega mikilvægt fyrir lýðræðið og einnig svo að Ísland haldi ekki áfram að dragast aftur úr, heldur hafi eitthvað að segja um heilbrigði þjóðarlíkamans.

Í húsnæðismálunum eftir að félagslega húsnæðiskerfið var lagt af. Síðan þá hefur þjóðin verið í viðvarandi húsnæðiskreppu. Á síðustu tveimur árum var brjálæðisleg og fordæmalaus hækkun á húsnæðismarkaði um 40 prósent. Sama á við um aðra innviði eins og við töluðum um áðan, bæta má menntakerfinu þar við. Þetta kerfi sem við lifum við er í djúpum vanda sem bitnar á þjóðinni. Mikil lausatók hafa einkennt viðbrögð ríkisstjórnarinnar að mínu mati og Seðlabankinn er nú að loka unga fólkið frá húsnæðismarkaðnum sem mun hlaða upp ófullnægðri eftirspurn. Þegar launin lagast mun þetta fólk fara út á húsnæðismarkaðinn og verðið mun springa upp aftur sem gerir ekkert nema að auka vandann og fresta honum. Stjórnvöld horfa fram hjá þörfum þjóðarinnar og einbeita sér frekar að fyrirtækjum og fjármagnseigendum, að þeir fái sinn arð í friði mjög rúman í stað þess að verðleggja auðlindirnar þó ekki væri nema með sanggjörnum skatti svo hægt sé að fá fé í ríkiskassann til að standa undir velferðinni, á svipaðan hátt rétt eins og gert er t.d. í Noregi.“

### Grafið undan lýðræðinu

Okkur þykir flestum lýðræði sjálfsgætt í velferðarríkinu. Stefán segir í bókinni sinni að verið sé að grafa undan lýðræðinu og upplýsing um lýðræði og vernd lýðræðisins sé ein af stóru áskorunum í íslensku samfélagi. Hvernig kemur þetta fram og telur Stefán að verkalýðshreyfingin geti beitt sér fyrir bættu lýðræði?

„Aukinn ójöfnuður í tekjum og eignum skilar sér í auknum pólitískum áhrifum. Með auknu auðræði kaupir efnafólk sér stjórnsmálaáhrif og fær stjórnsmálsmenn til að móta stefnu sem gagnast þeim ríkustu mest. Þetta auðvitað grefur undan lýðræðinu og við sjáum út í heimi að einræði og einsflokkskerfi er í vexti. Hjá okkur hér á Íslandi er sundrun í stjórnsmálaflokkum sem aðhyllast félagshyggju sem aftur býr til veikari vinstri pólitík. Á hinum Norðurlöndunum er algengast að vinstri stjórnsmál fari með stjórn landsins og eru félagshyggjuflokkarnir þar langstærstir. Hér á landi er félagshyggja litin hornauga. Ef það er vinstri stjórn er litíð á eins og um náttúruhamfarir sé að ræða, sérstaklega ef maður flettir Morgunblaðinu, þá er allt að fara til fjadans. Grundvöllur stéttastjórnsmála sem jafnaðarmannaflokkar og vinstriflokkar fyrri tíðar stóðu fyrir hefur veikst og ímyndarstjórnsmál tekið við. Segja má að stéttabaráttu hafi farið úr tísku og þyki hallærisleg nú á tímum nýfrjálsbyggjunnar. Verkalýðshreyfingin var áður með

verkalýðsforingja inni á þingi og gat verið gagnlegt fyrir baráttumál hreyfingarinnar að hafa raddir þar. Nú eru nánast engin slík tengsl. Þá hafa slík tengsl verið feimnisatriði af þeirra hálfu og kannski verkalýðshreyfingin hafi ekki ræktað þessi tengsl eins og hún ætti hiklaust að gera.

Mér finnst heilmikil tilefni til að sameina þessa krafta, að verkalýðshreyfingin rækti sambandið við stjórnsmál sem vilja setja málefni almennings, sérstaklega láglæna- og millitekjuhópanna, í forgang. Það er verulega mikilvægt fyrir lýðræðið og einnig svo að Ísland haldi ekki áfram að dragast aftur úr, heldur hafi eitthvað að segja um heilbrigði þjóðarlíkamans,“ segir hann og hallar sér aðeins aftur í stólnum.

### Þetta er allt á haus

Ábyrgðarleysi ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum endurspeglar í fjármálaáætlunum undanfarið þar sem almennt launafólk er látið bera ábyrgðina með hærri sköttum og auknum álögum á meðan fjármagnseigendum er hlífð við að bera byrðarnar. Hvaða skoðun hefur hann á þessu og á stjórnun efnahagsmála?

„Jú jú. Ég er alveg sammála því að við búum við að mörgu leyti við ófullnægjandi hagstjórn af hálfu stjórnvalda í þessum aðstæðum. Bæði hafa stjórnvöld, eins og þú segir, fleytt í gegn hækkanum og gjöldum og boða í nýjustu fjármálaáætlun sinni að leggja verulega aukin gjöld á notkun einkabíla og fleira af þeim toga sem lendir beint á heimilunum. Engin alvöru úrræði eru þar lögð fram til þess að létta byrðar launafólks af verðbólgunni. Þegar kynntar voru hækkanir á barnabótum og húsnæðisbótum í fyrra náðu þær ekki einu sinni að verðbæta bæturnar frá því sem þær höfðu verið 2019 en voru samt kynntar sem kjarabót. Þetta eru ótrúlega léleg viðbrögð og algjört sinnuleysi af hálfu ríkisstjórnarinnar. Í nýjustu fjármálaáætluninni er hvergi tekið á orsökum verðbólgunnar heldur er þar að finna skerðingar á kaupmætti launafólks á marga vegu. Þar kynnir ríkisstjórnin stefnu sína að draga úr eftirspurn sem er einfaldlega annað orðalag yfir að rýra kaupmáttinn,“ segir Stefán og hlær.

„Slíkt orðalag er hagfræðingum tamt sem almenningur skilar ekkert endilega almennilega – já, draga úr eftirspurn, einmitt það já, hugsar fólk. En það er fólkið sem er að berjast við að borga af húsnæðislánunum sínum og láta enda ná saman milli mánaða, sem ekki er að eyða of miklu í neyslu og af gjaldeyri þjóðarinnar,

heldur er það efnaðri hluti þjóðarinnar. Og af hverju er ekki tekið á því?“ spyr Stefán og svarar: „Jú, það er vegna þess að ríkisstjórnin hlífir þeim efnameiri því ekki má hækka skatta eins og fjármagnstekjuskatt á þessa hópa. Hvað þá að hægja á þeim sem eru að kaupa fasteignir erlendis til dæmis, og menn geta alveg velt fyrir sér hvað það sé stór þáttur í útgjöldum gjalddeysis. Ég held að ef það er of mikil eftirspurn í landinu er það vegna of mikillar eyðslu og neyslu efnaðri hluta þjóðarinnar. Það er heldur léleg útkoma, ef byrðunum er fleytt niður á þá efnaminni sem eru ekki orsök né rót vandans. Þetta er allt á haus því miður og maður undrast að ekki sé verið að létta á greiðslubyrði almenns launafólks í þessari lífskjarakreppu.“

### Skerðingar eiga að miðast við millitekjur

Fjármálaráðherra lagði nýlega fram fjármálaáætlun þar sem kemur fram, að ekki á að bæta í styrkjakerfin og áfram munu barnabætur skerðast við lágmarkslaun. Stefán segir að það sé ekki góð hagfræði.

„Algengasta formið á barnabótum, ef það er hugsað rétt, er að þær séu veglegastar fyrir þá sem þurfa mest á þeim að halda og skerðist ekki fyrr en fólk er komið í betri álnir. Viðmiðið er þá að byrja að skerða við meðaltekjur. Norðurlöndin, fyrir utan Danmörku, skerða ekki barnabætur því lítið er á að það sé í rauninni tekjutilfærsla á milli kynslóða. Viðhorfið er að þegar fólk eignast börn fylgi því fjárhagserfiðleikar því fjölskyldur eru um leið að koma sér upp húsnæði og mennta sig jafnvel líka á sama tíma. Þess vegna léttir velferðarríkið undir með þeim og veitir stuðning meðan börn eru að vaxa úr grasi. Síðan falla þessar bætur niður við 18 ára aldur, þá hefur fjárhagur fjölskyldnanna batnað og þær greiða hærri skatt í staðinn og þannig greiða þau sjálf fyrir barnabæturnar. Danir eru eina Norðurlandþjóðin fyrir utan Íslendinga sem skerðir barnabætur. Þeir byrjuðu að skerða þær á síðasta ári en skerðingarnar miðast við 1,3 milljónir króna í launatekjur á mánuði. Þannig að þær eru bara skertar fyrir hátekjufólk. Hins vegar á Íslandi er byrjað að skerða barnabætur við lágmarkslaun. Þarna er himinn og haf á milli augljóslega, sem segir okkur að allt launafólk með meðallaun og fullvinnandi fólk fær aldrei óskertar barnabætur. Þetta þýðir bara minni stuðning við fólk í þessari lífsbaráttu heimilanna hér á landi,“ segir hann og bætir við: „Þetta er ekki góð hagfræði, alls ekki, því að megnið af þeim stuðningi sem barnabætur veita fer aftur út í samneysluna og rekstur heimilins sem aftur skilar aukinni veltu. Það skilar sér svo í fleiri störfum

og aukinni velsæld, þannig að ef ríkisstjórnin setur alltaf aukna velsæld fjöldans í forgang þá mun auðvitað allt í samfélaginu virka betur. Ef sett er aukin velsæld til þeirra ríku þá fara þeir hins vegar með peningana, auðinn úr landi, sem þá nýtist ekki þjóðinni til að þróa velferðarríkið áfram. Þetta er öflugþróun þegar hugsað er um hagsmuni heildarinnar. Framfarir eru ekki sjálfgefnar, það þarf að berjast fyrir þeim, og þar er verkalýðshreyfingin lykilaðili.“



„Ef sett er aukin velsæld til þeirra ríku þá fara þeir hins vegar með pening-ana, auðinn úr landi, sem þá nýtist ekki þjóðinni til að þróa velferðarríkið áfram. Þetta er öflugþróun þegar hugsað er um hagsmuni heildarinnar.“

### Ógn alþjóðavæðingarinnar

Þú segir að alþjóðavæðingunni sé stýrt á forsendum fjármagnseigenda þar sem hinn óhefti, reglulausi „frjálsi markaður“ á að sjá almenningi fyrir grunnþjónustunni. Telurðu að verkalýðshreyfingin geti beitt sér fyrir velferðarríkið, eða er þessi barátta sem hófst á þriðja áratug síðustu aldar töpuð með alþjóðavæðingunni?

„Alþjóðavæðingin, eins og hún hefur verið útfærð sem alþjóðavæðing óheftari markaðshátta og óheftara fjármálakerfis öðru fremur, er heilmikil ógn. Ógnin liggur í markaðsvæddum ráðningarkjörum, auknum ójöfnuði, niðurbroti félagasamtaka og kerfa o.fl. Mesta ógnin er í þeim löndum þar sem almennt launafólk hefur litla vörn hjá verkalýðsfélögum og stjórnvöldum. Ríkisstjórnin hér og víðar hefur því miður

verið allt of höll undir þessa markaðshyggju nýfrjálslyggjunnar. Þó að menn séu í vaxandi mæli að átta sig á öllum þeim göllum sem þessu fylgir er ég alls ekki tilbúin að segja að baráttan fyrir velferðarríkinu sé töpuð barátta. Alls ekki. Það þarf samt öflugri vitund um mikilvægi þessarar baráttu, mikilvægi verkalýðshreyfinga og mikilvægi öflugra stéttastjórnsmála á ný og beinan þrýsting á stjórnvöld um hag almennings. Ef það er ekki þrýstingur á stjórnvöld úr þessari átt frá almennu launafólki þá munu orkuskiptin, umhverfismálin, tækniþróun og eiginlega allt annað vera á forsendum fjármagnseigenda.

Ef framhald verður á alþjóðavæðingunni eins og verið hefur til þessa þá blasir við það sem Thomas Piketty segir um að þjóðfélögin verði líkari þjóðfélögum nítjándu aldarinnar með ofurjöfnuði því að auðurinn verði aðeins í höndum fárra – yfirstéttarinnar sem fleyti rjómann af öllu en almenningur sitji eftir í fátæktargildrum. Þetta skrifast á reikning stjórnsmálanna að hafa leyft þetta. Til að bregðast við þurfum við að fá stéttastjórnsmál í tísku á ný,“ segir Stefán Ólafsson að lokum. ■

# Félagsfólk í Sameyki fagnaði á uppskeruhátíð

Eftir Axel Jón Ellenarson  
Ljósmyndir: Birgir Ísleifur Gunnarsson

Sameyki tilkynnti um valið á Stofnun ársins 2022 á hátíð þess 16. febrúar 2023 en titlana Stofnun ársins hlutu þær stofnanir sem þóttu skara fram úr í þeim þáttum sem könnun Sameykis náði yfir að mati starfsfólks þeirra.



Stofnun ársins var nú stærri en nokkru sinni fyrr og með talsvert breyttu sniði frá fyrri árum. Stærsta breytingin var þátttaka Reykjavíkurborgar sem tók þátt fyrir allt sitt starfsfólk. Niðurstöður könnunarinnar voru í þremur flokkum í þetta sinn; **rikisstofnanir, starfsstaðir borgarinnar, sjálfseignarstofnanir og fyrirtæki í almannajónustu.**

Könnunin var unnin í samstarfi við Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Reykjavíkurborg og fjölmargar aðrar stofnanir og gefur hún mikilvægar upplýsingar um stöðu starfsfólks á opinbera vinnumarkaðnum, en hún var framkvæmd af Gallup í nóvember og desember 2022. Í henni eru þátttakendur spurðir út í níu þætti í starfsumhverfinu, þ.e. **stjórnun, starfsanda, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleika vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd, ánægju og stolt, og jafnrétti.**

Markmiðið með að velja fyrirmyndarstofnanir er að hvetja stjórnendur stofnana til að huga að mannauðsmálum og auka umræðu um aðbúnað og líðan starfsfólks á vinnustöðum. Alls fengust gild svör frá tæplega 16.300 starfsmönnum. Það er um þrjú þúsund fleiri en á síðasta ári. Þar munar mestu um þátttöku Reykjavíkurborgar í könnuninni. Af heildarúrtakinu bárust svör frá tæplega 11.000 starfsmönnum ríkisstofnana, tæplega 5.000 starfsmönnum Reykjavíkurborgar og rúmlega 600 starfsmönnum sjálfseignarstofnana og fyrirtækja.

Þórarinn Eyfjörð formaður Sameykis og Ingibjörg Sif Sigríðardóttir, varaformaður Sameykis, veittu forsvarsmönnum vinnustaðanna viðurkenningar fyrir góðan árangur í könnuninni. Una Torfadóttir skemmti gestum og Benni Hemm Hemm og Margrét Arnardóttir léku tónlist. Framhaldsskólar landsins skoruðu hátt í könnuninni að þessu sinni en einnig leikskólar og frístundamiðstöðvar.

Í hópi stærstu starfsstaða voru fimm fyrirmyndarstarfsstaðir sem hlutu viðurkenningu. Auk sigurvegara flokksins, Tjarnarinnar, eru valdir fjórir fyrirmyndarvinnustaðir, þar af eru þrjár frístundamiðstöðvar. Þetta eru Frístundamiðstöðin Miðberg, Frístundamiðstöðin Brúin og Frístundamiðstöðin Kringlumýri. Frístundamiðstöðvarnar hafa margar vermt efstu sæti listans um árabil.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja var sigurvegari í hópi stórra ríkisstofnana þar sem starfsmenn eru 90 eða fleiri, en skólinn var í þriðja sæti stórra stofnana í fyrra. Vínubúðin ÁTVR varð í öðru sæti stórra stofnana og fór upp um þrjú sæti frá síðasta ári þegar hún hafnaði í fimmta sæti. Í þriðja sæti var Fjölbrautaskólinn við Ármúla sem á síðasta ári var í því sjöunda, og Fjármála- og efnahagsráðuneytið hafnaði í fjórða sæti í könnuninni en féll um tvö sæti frá síðustu könnun. Þá hafnaði Menntaskólinn við Hamrahlíð í fimmta sæti í könnuninni og féll niður um eitt sæti frá því í síðustu könnun.

Sigurvegari í flokki meðalstórra stofnana með 40–89 starfsmenn var Menntaskólinn á Egilsstöðum en hann sigraði í sínum flokki einnig í síðustu könnun. Í öðru sæti var Þjóðskrá, í þriðja sæti Náttúrufræðistofnun, í fjórða sæti Ríkisendurskoðun og í fimmta sæti var Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra.

Í flokki minnstu stofnananna með 5–39 starfsmenn sigraði Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum. Menntaskólinn á Tröllaskaga varð í öðru sæti, Jafnréttisstofa sem sigraði á síðasta ári í þessum flokki varð nú í þriðja sæti. Geislavarnir ríkisins höfnuðu í fjórða sæti í ár og í fimmta sæti Kvikmyndasafn Íslands. Í flokki sjálfseignarstofnana og fyrirtækja í almannajónustu sigraði Heilsustofnun NLFÍ.

Frístundamiðstöðin Tjörnir sigraði enn á ný í flokknum borg og bær, stór starfsstaður. Hjá meðalstórum starfsstöðum sigraði Hitt húsið og Sambýlið Viðarrima var efst hjá litlum vinnustöðum. Auk sigurvegara flokksins Fyrirmyndarvinnustaðir Stofnun ársins – borg og bær (starfsstaðir 25–49), sem er eins og áður sagði Hitt húsið, eru valdir fjórir fyrirmyndarvinnustaðir. Þar af eru tveir leikskólar, Leikskólinn Grænaborg og Leikskólinn Lyngheimar. Þá eru Vesturbæjarlaug og Virknimiðuð stoðþjónusta Gylfaflöt einnig á listanum. Hástökkvari ársins í könnuninni var svo Menntaskólinn á Ísafirði. Ljósmyndir frá hátíðinni er að finna á vef Sameykis, sameyki.is/frettir/myndasafn/ ■

# Stofnun ársins 2022

## Stofnun ársins 2022

– ríki

Fleiri en 90 starfsmenn

1. Fjölbrotaskóli Suðurnesja
2. Vinbúðin – Áfengis- og töbaksverslun ríkisins
3. Fjölbrotaskólinn við Ármúla

40–89 starfsmenn

1. Menntaskólinn á Egilsstöðum
2. Þjóðskrá Íslands
3. Náttúrufræðistofnun Íslands

Færri en 40 starfsmenn

1. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
2. Menntaskólinn á Tröllaskaga
3. Jafnréttisstofa

## Hástökkvari ársins 2022

Menntaskólinn á Ísafirði

## Stofnun ársins 2022

– borg og bær

Fleiri en 50 starfsmenn

1. Fristundamiðstöðin Tjörnin
2. Fristundamiðstöðin Miðberg
3. Fristundamiðstöðin Brúin

25–49 starfsmenn

1. Hitt Húsið
2. Leikskólinn Grænaborg
3. Leikskólinn Lyngheimar

Færri en 25 starfsmenn

1. Sambýlið Viðarríma
2. Íbúðakjarni Starengi A
3. Skíðasvæðin

## Stofnun ársins 2022

– sjálfseignarstofnanir og fyrirtæki í almannaþjónustu

1. Heilsustofnun NLFÍ

Valið á Stofnun ársins var kynnt við hátíðlega athöfn þann 16. febrúar en titillinn Stofnun ársins hljóta þær stofnanir sem þykja skara fram úr að mati starfsmanna.

Valið er byggt á svörum rúmlega 16 þúsund starfsmanna í einni stærstu vinnumarkaðskönnun landsins.

Sameyki stéttarfélag í almannaþjónustu óskar stjórnendum og starfsfólki Stofnana ársins og hástökkvaranum innilega til hamingju með glæsilegan árangur.



Hitt húsið var valin Stofnun ársins - borg og bær og leikskólarnir Grænaborg og Lyngheimar hlutu viðurkenninguna Fyrirmyndarstofnun í flokki vinnustaða með 25-49 starfsmenn.



Fristundamiðstöðvarnar Tjörnin, Miðberg og Brúin lentu í þremur efstu sætum í könnuninni hjá vinnustöðum með fleiri en 50 starfsmenn.



Heiðrún Tryggvadóttir, skólameistari Menntaskólans á Ísafirði tók við viðurkenningunni Hástökkvari ársins 2022 úr höndum Þórarins Eyfjörð og Ingibjargar Sifjar Sigríðardóttur, formanns og varaformanns Sameykis.



Una Torfa flutti nokkur falleg lög fyrir gesti hátíðarinnar.



Helga Kristín Kolbeins, skólameistari Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum, tók við viðurkenningunni Stofnun ársins. Menntaskólinn á Tröllaskaga varð í öðru sæti og Jafnréttisstofa í þriðja sæti.



Sigurvegari í flokki meðalstórra stofnana hjá ríki var Menntaskólinn á Egilsstöðum. Í öðru sæti var Þjóðskrá og í þriðja sæti Náttúrufræðistofnun Íslands.

# Samskipti eru erfið við fólk sem maður treystir ekki

Eftir Axel Jón Ellenarson  
Ljósmyndir: Birgir Ísleifur Gunnarsson

Sameyki stóð fyrir málþingi um mannauðsmál, Stjórnun í breyttum heimi – áskoranir sem mæta stjórnendum og starfsfólki, sem haldið var á undan hátíðinni Stofnun ársins þar sem veittar voru viðurkenningar þeim stofnunum sem skarað hafa fram úr á sviði mannauðsmála.



Málþingið var haldið á Hilton Nordica. Fyrirlesarar á málþinginu voru Haukur Ingi Jónasson, lektor í HR, sem fjallaði um traust í mannlegum tengslum og samstarfi á vinnustað, Guðrún Hildur Ragnarsdóttir, fv. framkvæmdastjóri hjá Expedia Group, sem fjallaði um fjölbreytileika og kröfu um inngildingu á vinnustöðum, og Sigríður Hulda Jónsdóttir, hjá SHJ ráðgjöf sem fjallaði um tilgang og mikilvægi starfs og færni á 21. öldinni.

Að loknum fyrirlestrunum var efnt til pallborðsumræðna og rætt um mannauðsmál á vinnustöðum á opinberum vinnumarkaði. Til máls tóku Lóa Birna Birgisdóttir, sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs Reykjavíkurborgar, Aldís Magnúsdóttir, sérfræðingur hjá Kjara- og mannauðssýslu ríkisins, Björgvin Víkingsson, forstjóri Ríkiskaupa og Jórunn Frímansdóttir, forstöðumaður hjúkrunarheimilisins Droplaugarstaða.

Sameyki stéttarfélag í almannajónustu vill með málþinginu vekja athygli á hve mikilvægt er að stjórnendur stofnana ríkis og sveitarfélaga hugi að mannauðsmálum á vinnustöðum til að stuðla að betri vinnustað, ánægðara starfsfólki og betri þjónustu við almenning.

## Traust

Haukur Ingi Jónasson, lektor í HR, fjallaði um traust í mannlegum tengslum og samstarfi á vinnustað á málþinginu. Sagði hann að það tæki tíma að vinna sér inn og byggja upp traust á vinnustöðum. Þá sagði hann að traust milli fólks væri lykilþáttur í mannlegum tengslum og samstarfi og einnig lykilforsenda þess að skipulagsheild þroskist og dafni. Hann sagði að það tæki tíma og vinnu að byggja upp traust. Með því að sýna itrekað og endurtekið fram á heilindi og góðan ásetning þá væri grunnur lagður að því að byggja upp traust hjá öðrum og koma á trausti milli aðila sem góð samskipti byggja á í raun. Hins vegar tæki stuttan tíma að glata trausti.

„Það segir sig sjálf að erfið er að eiga í samskiptum við fólk sem maður treystir ekki. Traust þarf að ávinna og það krefst ásetnings og viðvarandi viðhalds. Traust er tilfinning fyrir því að einhver eða eitthvað muni reynast vel. Það er sú tiltrú að einstaklingur, heild, vara eða kerfi muni haga sér á tiltekinn hátt eða leiða til tiltekinnar útkomu, enda byggir traust oft á reynslu, þekkingu, eða innsæi. Þá getur það spilað stórt hlutverk í persónulegum og faglegum samskiptum, ákvarðanatöku, og almennri vellíðan,“ sagði hann.



Haukur Ingi Jónasson fjallaði um traust í mannlegum tengslum og samstarfi á vinnustað.

## Stefnur og markmið

Guðrún Hildur Ragnarsdóttir sagði að krafa um fjölbreytileika á vinnumarkaði og inngildingu fæli í sér að stjórnendur gerðu sér grein fyrir fjölbreytileika fólks og það snerist að miklu leyti um tilfinningagreind. Þá þurfa stjórnendur einnig að geta greint að á vinnustöðum mætir fólk ýmsum hindrunum eftir stöðu, kyni, uppruna, trúarbrögðum o.fl. þáttum sem þeir þurfa að vera meðvitaðir um til að skapa góðan vinnustað.

Guðrún sagði að valdið væri hjá starfsfólki en ekki hjá stjórnendum. Krafa væri gerð um heiðarleika og traust stjórnenda og að hugsað væri vel um alla.

Taldi hún upp dæmi um stefnur og markmið hvernig vinnustaðir hefðu sett sér; að stjórnendur samanstandi jafnt af konum og körlum, hafi fjölbreyttan bakgrunn, að jafnt kynjahlutfall sé í starfshópnum, að innleidd sé jafnlaustefna, að á vinnustaðnum séu minnihlutahópar, þ.e. ólíkur menningarbakgrunnur.





Guðrún Hildur Ragnarsdóttir fjallaði um fjölbreytileika og kröfu um inngildingu á vinnustaðum.

„En, það er ekki nóg að setja sér innihaldsríkar stefnur og markmið á blað, þeim þarf að fylgja framkvæmd svo þær öðlist inngildingu og verði að raunveruleika. Þetta snýst ekki um að ráða fólk út frá fjölbreytileika eingöngu til að tikka í box, heldur að tryggja jafna þátttöku ólíkra hópa á vinnumarkaði, að allir fái tækifæri til að taka þátt á vinnumarkaði. Staðreyndir er sú að samkvæmt könnun Expedia á íslenskum vinnumarkaði kemur í ljós, að einn af hverjum fjórum finnst þeir vera út undan á vinnustaðnum. 45 prósent inngildingar á vinnustað er ákvörðuð af firmamni, þeir sem bera „hvít“ íslensk nöfn fá helmingi fleiri boð um atvinnuviðtal en aðrir, og 40 prósent meiri líkur er að karlmaður fái boð í atvinnuviðtal en kvenmaður, og 80 prósent þeirra sem stunda ráðningar eru sammála um ómeðvitaða hlutdrægni (e. bias). Með óhlutdrægni þroskast vinnumarkaðurinn og það skapast meira traust og umhyggja fyrir fólki. Samfélagið verður betra á heildina litið.“

### Tilgangur og færni

Sigríður Hulda ræddi um tilgang starfs og færni starfsfólks á 21. öldinni. Sagði hún að störf þyrftu að hafa tilgang og merkingu fyrir einstaklinginn og sérstaða hans í störfum færði viðkomandi ástríðu fyrir starfinu.

„Fjölmargar rannsóknir sýna að sterk tengsl eru á milli lífsánægju og starfsánægju, lykilorð þættir í hvoru tveggja eru



Sigríður Hulda Jónsdóttir fjallaði um tilgang og mikilvægi starfa.

ákveðnir persónuleikaþættir sem einkenna fólk; lausnamiðað hugarfar, jákvæðni, að vera opin(n) fyrir breytingum sem hluta af lífi og starfsumhverfi, átta sig á eigin framkomu og vera læs á umhverfi sitt.

Þá er mikilvægur sá hæfileiki að geta tengst öðrum sem skapar bæði traust og vekur þá tilfinningu að skipta máli, bæði faglega og persónulega. Og þegar við erum glöð og höfum starfsgleði búum við líka til jákvæða vinnustaðamenningu, erum sterkari í líðsheildinni og sýnum frumkvæði. Þetta endurspeglast í mörgum atvinnuauðgýsingum í dag, þar sem ein af kröfunum er að



Björgvin Víkingsson, forstjóri Ríkiskaupa, í pallborðsumræðunni.



Jórunn Frímannsdóttir, forstöðumaður hjúkrunarheimilisins Droplaugarstaða, í pallborðsumræðu á málþinginu.

hafa „framúrskarandi samskiptahæfni, getu til að starfa sjálfstætt og að geta sýnt frumkvæði í starfi“. Ef það er ekki ástríða til staðar þá eru þessir þættir ekki til staðar þó þeir búi í einstaklingnum. Að setja sér mörk og skoða rammann hvernig maður er að forgangsraða tíma sínum og orku, þeim drifkrafti hjá sjálfum sér og í starfi er árangursríkt. Þá þarf að skoða hvað það er sem nærir flug viðkomandi í starfi, hvort sem það er virk hlustun eða framúrskarandi árangur. Samkvæmt rannsóknum er samvinna er sá þáttur sem styður mjög við starfsánægju og ástríðu. Þá er gott að skoða það hvernig fólk tengist í störfum sínum á vinnustaðnum svo skapist gleði og ástríða – meira flug.“ ■



Kristján Ásmundsson, skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

# Árangurinn byggir á mikilli samheldni

Eftir Axel Jón Ellenarson  
Ljósmyndir: Heiða Helgadóttir

Fjölbrautaskóli Suðurnesja hlaut viðurkenninguna Stofnun ársins 2022 í flokki stórra stofnana hjá ríkinu en hefur sex sinnum áður hlotið viðurkenningu sem fyrirmyndarvinnustaður. Skólinn hefur starfað síðan haustið 1976 og verið í stöðugum vexti frá stofnun. Kristján Ásmundsson er skólameistari og hefur gegnt því starfi síðan 2012.



## Býsna langur tími á brautinni

Kristján hefur starfað í skólanum í 37 ár, en hann hóf þar störf sem kennari í stærðfræði og eðlisfræði eftir útskrift úr Kennaraháskólanum. Hann segir að árangurinn sé byggður á mikilli samheldni og jákvæðni sem einkennt hefur vinnustaðinn lengi.

„Þetta er nú orðinn ansi drjúgur tími. Ég er líklegast með lengstan starfsaldur þeirra í dag sem eru hérna,“ segir hann og hlær. Kristján þekkir það að „aka brautina“ fram og til baka hvern dag. Hann býr í Reykjavík og ekur í skólann alla daga. En hver er maðurinn?

„Ég er fæddur fyrir norðan, eða eins og ég segi stundum; ég er fæddur fyrir norðan á Skagaströnd, ættaður að vestan og ólst upp fyrir austan á Reyðarfirði en bý fyrir sunnan í Reykjavík. Öll þessi 37 ár hef ég keyrt á milli. Þannig að þetta eru orðnir ansi margir kílómetrar á brautinni,“ segir hann rólegri röddu og lítur traustu augnaráði til blaðamanns.

„Ég ætlaði að flytja hingað þegar ég hóf störf í skólanum en húsnæðið sem ég átti að fá var ekki tilbúið þannig að ég varð að keyra á milli. Það varð til þess að ég flutti aldrei til Keflavíkur. Við erum sjálfsgagt 15–16 manns sem störfum

í skólanum og keyrum hérna á milli til vinnunnar. Það er ósköp lítið mál að fara þessa leið, því við erum alltaf á móti umferðinni á brautinni á morgnana og sama þegar við erum að fara heim, þá erum við á móti þeim sem hingað koma úr Reykjavík.“

## Enn að læra

Skólameistarinn er ekki af baki dottinn í að mennta sig, því hann er nýbúinn að ljúka við að taka meistararéttindi í matsfræðum. Hvað er nú það?

„Ég tók leyfi síðasta vetur því þá var ég að taka master í matsfræðum. Það er einfaldlega nám sem byggir á að geta lagt mat m.a. á skólastarf. Í náminu felast eigindlegar og megindlegar rannsóknir á skólastarfi og hvernig því er háttað, eins og ég valdi að gera í mínu námi. Þessi þekking hjálpar til þegar við gerum kennslumat meðal nemenda þar sem þau eru spurð um ýmsa þætti sem varða námið eins og kennsluna, kennarana o.s.frv. Þá hefur maður þekkinguna og tækin til að vinna úr slíku mati. Þegar búið er að vinna úr svörum nemenda í könnuninni þá er kennari boðaður í viðtal og farið yfir niðurstöðurnar og er eingöngu hugsað til að aðstoða starfsmanninn, að efla hann til að ná betri árangri í kennslunni. Við reynum að tengja árangurinn í stofnanasamninga skólans og þeir kennarar sem skora hátt hjá nemendum, og eins þeir sem eru duglegir að auka færni sína og sækja námskeið, eða með öðrum hætti, fá punkta í svokölluðu framgangskerfi. Þegar starfsmaðurinn nær ákveðnum punktafjölda þá hækkar hann um þrep í launatöflunni eitt skólaár í senn. Við erum að vinna að því að búa til kerfi þar sem hækkan í launatöflunni heldur sér þegar starfsmaður hefur unnið sér inn slíkan punktafjölda, t.d. fimm ár í röð. Þá heldur launahækkunin sér til frambúðar.“

Jákvæðni og góður starfsandi aðalsmerki skólans Fjölbrautaskóli Suðurnesja skoraði hátt í Stofnun ársins í atriðum sem varða stjórnun, starfsanda, vinnuskilyrði, sjálfstæði í starfi, ánægju og stolt, og jafnrétti. Hann segist vera mjög þakklátur en árangurinn í könnuninni sé fyrst og fremst góðu starfsfólki að þakka.

„Starfsandinn hérna er mjög góður, og hefur alltaf verið. Það er líka mikil samheldni hérna sem er mjög gott. Einnig er mikil jákvæðni ríkjandi meðal okkar, ekki neinir flokkadrættir, og ef eitthvað kemur upp á þá eru allir strax boðnir og búnir til að aðstoða viðkomandi. Þannig að aðalsmerki okkar er jákvæðni og góður starfsandi. Við byggjum góðan starfsanda á að hægt sé að tala frjálst um líðan sína og allir viti dyrnar séu alltaf opnar fyrir slíku samtali. Við göngum þá í að aðstoða eins og við getum til þess að koma til hjálpar og í því felst samstaðan, að allir hafi slíkan aðgang.“

## Anda-fundir í hverri viku

Kristján segir það skipta vinnustaðinn miklu að hafa fengið viðurkenninguna Stofnun ársins 2022 og starfsfólkið sé stolt af þessum góða árangri í könnuninni, en mannauðsmálin séu ekki í höndum einungis eins starfsmanns. Þá hafi árangur skólans vakið athygli á svæðinu og viðurkenningin ýtt undir það viðhorf að þar sé gott að starfa og búa fyrir fjölskyldur.

„Við getum sagt að viðurkenningin vekur líka athygli á því að hér er gott að búa og starfa. Við höldum þessu á lofti og erum stolt af. Varðandi mannauðsstjórnun þá er hún í samvinnu við aðstoðarskólameistarann Guðlaugu Pálsdóttur. Við vinnum saman að þessu, það er enginn einn sem er í því starfi. Við erum ekki með starfandi sérstakan mannauðsstjóra. En auk þess aðstoða okkur í mannauðsmálum þrjár námsstjórar þar sem fjallað er um starfið og boðið upp á veitingar eins og t.d. þær sem þér var boðið áðan inn á kennarastofunni,“ segir Kristján og skellir upp úr. Þar voru á borðum ýmsar tegundir þurrkaðra skordýra sem blaðamaður smakkaði, stakk þeim upp í sig, tuggði og kyngdi án þess að líta á skólameistarann.



„Við verðum alltaf að vera vakandi fyrir líðan starfsfólksins og nemenda okkar. Skóli er samfélag.“

„Við höldum reglulega saman fundi sem við köllum anda-fundi. Það eru fundir með stjórnendum; áfangastjórum, námsstjórum og bókasafnsfræðingnum okkar, sem er ritari fundarins og við skiptum á milli okkar að sjá um léttar veitingar. Þar förum við yfir allt starfið og hverju við þurfum að bregðast við og vinna úr í framhaldinu. Við höfum markað okkur stefnu sem við vinnum eftir og viljum vinna markvisst og meðvitað eftir þeirri stefnu.“



Kristján og Guðlaug M. Pálsdóttir, aðstoðarskólameistari, við viðurkenninguna Stofnun ársins 2022 sem komið hefur verið fyrir á gangi skólans.



„Ég vil halda því fram að nemendur sem hingað sækja geti treyst því að þau fái hér öflugt og gott nám þannig að það skili þeim áfram inn í framtíðina.“

Við gefum svo út blað fyrir starfsfólk skólans til að miðla því sem er að gerast í starfseminni sem við köllum Andapóstinn,“ segir hann og brosir.

### Samfélag virkar ekki nema öllum líði vel

Kristján segir að eðlilegt sé að taka tillit til líðanar starfsfólksins og það sé ábyrgðarhlutverk sem þurfi alltaf að vera vakandi yfir.

„Við verðum alltaf að vera vakandi fyrir líðan starfsfólksins og nemenda okkar. Skóli er samfélag. Samfélagið virkar ekki nema öllum líði vel og við verðum að vera vakandi yfir öllum þáttum þess, bæði hvað varðar kennarana sem eru um 70 og annað starfsfólk, að meðtöldum stundakennurum, sem er um 30 talsins. Við erum með 900–1000 nemendur í skólanum á hverjum tíma og við verðum að passa upp á að

þar ríki jákvæðni og góð líðan alls staðar. Skólastarf þrífst ekki nema með því að halda starfsfólki og nemendum jákvæðum þannig að þeir geti sinnt sinni vinnu. Mikilvægur þáttur í því er að skapa það umhverfi og að vera ætíð til staðar þegar eitthvað bjátar á. Það á jafnt við um starfsfólk og nemendur. Þá er alltaf verið að hlúa að félagsstarfinu líka. Forsenda þess að ná árangri í námi er vellíðan og er eitt að markmiðum skólans. Til þess að nemendum líði vel þarf starfsfólkinu einnig að líða vel í starfi. Áhrifin af því starfi okkar innan skólans, og endurspeglast m.a. í að vera valin Stofnun ársins, er að skapa jákvætt andrúmsloft, sem er laust við spennu og togstreitu sem aftur smitast út í skólasamfélagið. Ég vil halda því fram að nemendur sem hingað sækja geti treyst því að þau fái hér öflugt og gott nám þannig að það skili þeim áfram inn í framtíðina. Góð líðan, öryggi og traust skilar sér svo áfram út í samfélagið almennt.“

### Nemendur koma víða að úr heiminum

Kristján segir að í skólanum sé mikil breidd í námsframboði og hópur nemendanna fjölbreyttur. Í skólanum eru töluð tungumál hvaðanæva úr heiminum. Fjölbrautaskóli Suðurnesja tekur á móti öllum nemendum en ekki aðeins rjómanum úr hópi umsækjenda.

„Við erum með mjög fjölbreyttan hóp í skólanum, allt frá afburðanemendum en líka nemendur sem þurfa aðstoð, bæði við athafnir daglegs lífs og þá sem þurfa sérstaka aðstoð við námið eins og kennslu maður á mann. Við erum með nemendur af erlendu bergi sem eru um 20 prósent allra og áskorunin liggur í að ná að aðlaga þessa nemendur íslensku samfélagi. Mikil áhersla er lögð á að kenna þessum hópi íslensku til að auðvelda þeim að fóta sig í íslensku samfélagi. Þetta reynir líka á kennarana því mörg úr þessum hópi kunna heldur ekki ensku og þekkja jafnvel ekki stafrófið sem við erum með. Aðstæðurnar sem við getum lent í geta því verið mjög krefjandi fyrir kennarana. Oftar en ekki er himinn og haf á milli nemenda sem koma hingað erlendis frá og eru þau vön allt öðrum siðum og venjum en þekkist í okkar samfélagi. Hins vegar er vilji þeirra sem hingað koma, t.d. frá Úkraínu, til að mennta sig mjög mikill vegna þess að þau sjá tækifærin í að mennta sig. Okkar skylda er að taka á móti nemendum og hjálpa þeim að verða sér út um menntun, það skiptir miklu máli,“ segir Kristján Ásmundsson að lokum. ■

“

Hins vegar er vilji þeirra sem hingað koma, t.d. frá Úkraínu, til að mennta sig mjög mikill vegna þess að þau sjá tækifærin í að mennta sig. Okkar skylda er að taka á móti nemendum og hjálpa þeim að verða sér út um menntun, það skiptir miklu máli.



Markús H. Guðmundsson, forstöðumaður Hins hússins.

# Maður verður að treysta fólki og meina það

Eftir Axel Jón Ellenarson

Ljósmyndir: Birgir Ísleifur Gunnarsson, Heiða Helgadóttir

Markús H. Guðmundsson er forstöðumaður Hins hússins sem hlaut viðurkenninguna Stofnun ársins 2022 – borg og bær í hópi meðalstórra stofnana. Hann er menntaður tómtunda- og félagsmálafræðingur og hefur starfað allan sinn starfsferil með ungmennum. Markús er Reykvíkingur og ólst upp í Safamýrinni. Hann segist vera í hjarta sínu skáti og hefur starfað í Hjálparveit skáta um langt skeið.



Hitt húsið er staðsett við Rafstöðvarveg í Elliðárdal og er miðstöð ungs fólks sem er rekin af Reykjavíkurborg og er opin öllu ungu fólki á aldrinum 16–25 ára. Þar koma ungmenni saman til að efla sig og njóta fjölbreyttrar samveru og samstarfs. Í Hinu húsinu eru fundarsalir, málstofur, leikherbergi, tónleikasalur, stúdíó og mjög góð aðstaða og aðgengi fyrir fatlaða.

## Hugmyndafræði Hins hússins

Markús segir að helsta og mikilvægasta hlutverk starfseminnar sé að hjálpa ungmennum og veita þeim aðstöðu til að koma

hugmyndum sínum í framkvæmd. Starfið er ólíkt starfsemi félagsmiðstöðva, því gerðir eru samningar við ungmennin sem fá lykla að húsnæðinu þannig að þau geta komið þegar þeim hentar til að sinna sínum hugðarefnum og verkefnum. Einnig nýta sér aðstöðuna önnur félagasamtök til að halda ráðstefnur, fundi o.fl.

„Hitt húsið er ungmennahús, miðstöð ungs fólks í frítíma. Ungmennin hafa aðgang að ýmsum deildum sem er í boði fyrir þau. Við erum t.d. með upplýsingadeild, atvinnu- og forvarnadeild og menningardeild, og svo erum við með frístund fyrir fatlaða, þannig að fjölbreytnin er mjög mikil. Hugmyndafræðin að baki starfseminni er komin frá Norðurlöndunum og við fylgjumst vel með og fáum hugmyndir þaðan hvernig unnið er með ungmennum til að efla þau og þroska hæfileika þeirra.“

Hitt húsið er í öflugum samstarfi við stofnanir eins og tónlistarhús, framhaldsskóla og fræðslumiðstöðvar. Framhaldsskólarnir nýta sér aðstöðuna sem er í boði, æfa m.a. söngleiki og nýta sér stúdíó til hljómsveitaræfinga. Þá er samstarf við öflugt ráðgjafateymi sem svarar spurningum ungmenna í gegnum þjónustusiðuna Áttavitann.

„Við erum með samninga við u.þ.b. þrjátíu hljómsveitir sem æfa í stúdíóinu okkar. Einnig erum við með Áttavitann sem er þjónustuvefur fyrir ungmenni þar sem öflugt ráðgjafateymi svarar spurningum þeirra, sem eru auðvitað mjög fjölbreyttar. Teymið samanstendur af fagfólki sem vinnur markvisst að því að leiðbeina ungu fólki í réttan farveg í lífinu á skjótan og aðgengilegan hátt. Ráðgjafarnir eru samstarfsteymi og hver og einn hefur sitt sérsvið. Dæmi um sérsvið þeirra má nefna ráðgjöf um kynlíf, námsráðgjöf, ráðgjöf um þunglyndi, fíknivanda, atvinnumál, lélega sjálfsmynd og ástarsambönd. Við erum mjög stolt af þessu verkefni og Áttavitinn er vel nýttur af ungmennunum okkar. Við erum mikið í að bjóða ungmennum upp í dans, ef svo má segja, og aðstoða þau að ná því fram sem þau sækjast eftir, t.d. ef þau eru í atvinnuleit þá hefjum við undir eins samstarf við Vinnumálastofnun o.s.frv. Einnig ef þau vilja hefja ákveðið nám þá vinnum við með þeim að ná því markmiði.

### Samstarf grundvöllur Hins hússins

Markús segir að fjármögnun starfseminnar sé með fjölbreyttum hætti. Hitt húsið stendur að ýmsum viðburðum eins og Músíktílaunum og Götuleikhúsinu. Þá er gott samstarf við fyrirtæki og stofnanir lykilatriði svo ungmennin geti framkvæmt það sem stendur hjarta þeirra næst.

„Ungmennin elska líka að vera í erlendum samskiptum við aðrar álíka ungmennamiðstöðvar á Norðurlöndunum. Við heimsækjum þau og þau heimsækja okkur. Þetta samstarf er nú komið á fullt eftir að heimsfaraldurinn lauk. Það er þó mikilvægast að rækta garðinn sinn áður vel hér. Þegar hann er orðinn blómlegur, þá fyrst er forsenda til að fara út fyrir landsteinana og segja frá því sem við erum að gera og deila því með öðrum. Við hugsum alltaf fyrst um það hvað ungmennunum er fyrir bestu. Fókusinn er alltaf á velsæld ungmennisins – einstaklinginn fyrst og fremst.“

### Álag og streita einangrar ungmenni

Markús segir að ungmenni séu venjulega undir miklu álagi á viðkvæmu lífsskeiði og þar séu nokkrar skuggahliðar.

„Ungmennin eru oftast en ekki í stífu framhaldsnámi sem hefur verið stytta um eitt ár. Þau eru jafnvel í vinnu samhliða náminu og álag á þau hefur aukist líka þess vegna. Þau hafa ekki jafn mikinn tíma til að sinna mikilvægri þörf til að lifa félagslífi og það kemur mér mjög á óvart að ekki sé búið að rannsaka þessi áhrif vegna styttingar framhaldsnámsins á líðan þeirra. Ákvörðun um styttingu framhaldsnámsins var, má segja, tekin of fljótt og einhliða. Það hefðu þurft að liggja fyrir gögn um áhrif þess á líðan þeirra. Þegar svona afdrifarík og stór breyting er gerð þarf að gera sér grein fyrir þeim áhrifum sem hún hefur á ungmennin seinna meir. Brottfall ungmenna úr framhaldsskólanámi er of mikið og ein skuggahliðin á því er að þau eru ekki í virkni, þau einangra sig og þeim líður ekki vel. Við sjáum að um 500 ungmenni fengu fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg bara í janúar sl. Það er slæmt að verða vitni að þessu. Þetta þarf að rannsaka og við þurfum að koma þessu fólki til hjálpar. Það er mjög erfitt að fylgjast með því þegar ungmennin detta úr virkni eftir tíunda bekkinn, taka bara fyrstu mánuðina í framhaldsskóla og detta síðan út og einangra sig frá umheiminum. Enginn virðist vera að rannsaka þetta og hverjar ástæðurnar eru fyrir þessu brottfalli. Við þurfum að gera betur þarna. Það er ekki hægt að hafa það



„Þessi viðurkenning kom okkur algjörlega á óvart, ekki þar fyrir að við vitum að hér er gott

viðhorf til þessa hóps, að hann sé bara ákveðin prósentutala sem ekkert er hægt að gera fyrir því staðan sé almennt svo góð. Við getum ekki afneitað þessum hópi,“ segir hann.



**Brottfall ungmenna úr framhaldsskólanámi er of mikið og ein skuggahliðin á því er að þau eru ekki í virkni, þau einangra sig og þeim líður ekki vel. Við sjáum að um 500 ungmenni fengu fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg bara í janúar sl. Það er slæmt að verða vitni að þessu.**



„Hjá Hinu húsinu starfa, en þetta er mikið búst fyrir okkur öll. Við erum enn bara að njóta.“

## Mjög glöð að fá viðurkenninguna Stofnun ársins 2022

Hjá Hinu húsinu starfa 65 manns og Markús segir að mikið sé lagt upp úr að starfsfólkinu líði vel í vinnunni, finni að það njóti trausts og sé öruggt. Viðurkenningin Stofnun ársins – borg og bær hafi verið þeim ákaflega mikil hvatning og starfsfólkið sé allt enn í sigurvímu vegna þess.

„Þessi viðurkenning kom okkur algjörlega á óvart, ekki þar fyrir að við vitum að hér er gott að starfa, en þetta er mikið búst fyrir okkur öll. Við erum enn bara að njóta. Við höfum alltaf tekið þessa könnun alvarlega og nýtt okkur niðurstöðurnar úr henni til að bæta vinnustaðinn. Það höfum við gert með því að taka markvisst á þeim þáttum í könnuninni þar sem við höfum þurft að bæta okkur. Síðan verðum við alltaf að vera vakandi fyrir því að viðhalda þeim góðu niðurstöðum sem við höfum náð, áður og nú, úr könnuninni. Ég held að það skipti öllu máli á almennt á vinnustöðum að starfsfólkinu líði vel. Þá gengur allt betur. Ég legg mikla áherslu á það hjá okkur, enda skilar góð líðan starfsfólksins sér til þeirra sem við erum að vinna með – ungmennunum sjálfum í Reykjavík. Mitt hlutverk er að sjá til þess að ungmennunum líði líka vel hér og ég hef alltaf lagt mig fram um að sýna þeim einlægán áhuga á því sem þau eru að gera hér í Hinu húsinu. Ég hef ætíð litið svo á að það sé mitt hlutverk. Almennt séð er orðspor starfseminnar að það sé gaman að vinna í Hinu húsinu og við höfum aldrei staðið frammi fyrir því að geta ekki ráðið til okkar starfsfólk til starfa á fjölbreyttum vinnustað við krefjandi störf.“

## Mikilvæg stofnun í grunnþjónustunni

Hitt húsið fékk skýr skilaboð í heimsfaraldrinum um hvert þeirra

“

Það þýðir ekki að deila út verkefnum til fólks, en treysta þeim svo ekki fyrir þeim. Maður verður að treysta fólki og meina það. Það er ekki nóg að segja það við hátíðleg tækifæri, heldur verður það að koma frá hjartanu, að því sé treyst fyrir verkefnum og sínum störfum hundrað prósent.

hlutverk væri þegar öllu var lokað. Hlutverk Hins hússins var að halda starfseminni í fullum gangi, enda mikilvæg stoð í grunnþjónustunni.

„Við fengum skýr skilaboð frá Menntamálaráðuneytinu og Heilbrigðisráðuneytinu að við máttum ekki loka. Við vorum allt í einu skilgreind sem framlínustarfsfólk sem auðvitað vakti okkur enn betur til vitundar um mikilvægi starfseminnar. Við vorum þá að taka á móti hópum fatlaðra sem komu hingað í lok skóladagsins. Við þurftum að hólfa þetta stóra hús niður eftir hópum og vorum með sóttvarnateymi því við urðum að halda starfseminni gangandi. Þess vegna er líka gaman að fá þessa viðurkenningu núna eftir þennan lærdómsríka og erfiða álagstíma sem fylgdi faraldrinum. Þá hugsaði ég líka með mér hvernig hópnum líði eftir að hafa gengið í gegnum álagið sem fylgdi faraldrinum. Það hefur nú komið vel í ljós, það sem ég hef haft á tilfinningunni, að við komum vel undan þessu mikla álagi og okkur líður vel,“ segir hann og brosir.

Markús segir að Hitt húsið sé ekki einungis eitthvert hús, Hitt húsið sé hugmyndafræði og vinnan felist í að vinna með ungu fólki í Reykjavík. Í því sambandi skipti traust öllu máli innan starfshópsins.

„Það þýðir ekki að deila út verkefnum til fólks, en treysta þeim svo ekki fyrir þeim. Maður verður að treysta fólki og meina það. Það er ekki nóg að segja það við hátíðleg tækifæri, heldur verður það að koma frá hjartanu, að því sé treyst fyrir verkefnum og sínum störfum hundrað prósent. Annars virkar vinnustaðurinn alls ekki. Einnig er mikilvægt að starfsmanninum sé treyst til að áhrif á starf sitt og hvernig það þróast áfram,“ segir Markús að lokum. ■

# Neytendasamtökin fyrir þig í 70 ár

Eftir Breka Karlsson

Líklega var 18. aldar maðurinn Skúli Magnússon fógæti fyrsti baráttumaður fyrir bættum neytendarétti á Íslandi; „Mældu rétt, strákur!“ á danski einokunarkaupmaðurinn að hafa fyrirskipað búðardrengnum Skúla, en átti við að hann skyldi mæla rangt svo hallaði á kaupandann. Þetta mun hafa sært réttlætiskennd Skúla svo mjög, að þegar hann varð fógæti barðist hann fyrir neytendavernd. Hann lét brjóta upp skemmur kaupmanna og kasta 1000 tunnum af skemmdu mjöli í sjóinn. Kaupmennirnir voru síðar dæmdir til að greiða svo miklar sektir, að sjóðurinn sem þær mynduðu, mjölbótasjóðurinn, varð mikil stoð og stólpi framþróunar íslensks landbúnaðar í áratugi, auk þess að kosta byggingu Menntaskólans í Reykjavík.



## Meðal elstu samtaka neytenda í heiminum

Í ár eru 70 ár liðin frá því framsýnn hópur fólks undir forystu Sveins Ásgeirssonar hagfræðings, Jóhanns Sæmundssonar prófessors og Jónínu Guðmundsdóttur, formanns Húsmæðrafélags Reykjavíkur, stóðu að stofnun Neytendasamtakanna í Tjarnarcafé við Vonarstræti í Reykjavík. Eru Neytendasamtökin meðal elstu samtaka neytenda í heiminum, líklega þau fjórðu elstu. Stofnun samtakanna átti sér nokkurn aðdraganda sem hófst með tveimur útvarpserindum Sveins í októbermánuði árið áður, þar sem hann vakti athygli á því alvarlega jafnvægisleysi milli fjölda sundraðra neytenda annars vegar og framleiðenda og seljenda hins vegar, og hve margar misfellingar í þjóðfélaginu mætti einmitt rekja til þess. Sveinn var kjörinn fyrsti formaður hinna nýju samtaka og bar hitann og þungann af starfsemi fyrstu fimmtán árin.

Skúli Magnússon.



Í ávarpi frá stjórn samtakanna í fyrsta tölublaði

Neytendablaðsins sem gefið var út strax í júní stofnarið 1953, segir: „Almenn neytendasamtök hafa mjög mikilvægu hlutverki að gegna í þjóðfélaginu, þar sem enginn aðili er til sem treystist til að halda fram sjónarmiðum og rétti neytendanna almennt og gæta hagsmuna þeirra fyrst og fremst. Þess vegna hefur skort mjög á, að neytendum væri sýnt fullt tillit, og þeir hafa vegna samtakaleysis jafnvel ekki getað spornað við hinu freklegasta tillitsleysi í þeirra garð.“

## Neytendasamtökin og verkalýðshreyfingin

Saga Neytendasamtakanna og verkalýðshreyfingarinnar hefur frá fyrstu tíð verið samofin, enda má segja að neytendabaráttan sé önnur hlið á baráttunni fyrir bættum kjörum. Fyrsta verkefni samtakanna var einmitt að vinna að „bættari tilhögun á afgreiðslutíma sölubúða og opinberra stofnana...“ í samstarfi við Samband smásöluverzlana og



Samfélagið og neyslan hafa tekið stórkostlegum breytingum frá því Neytendasamtökin voru stofnuð og málefni neytenda hafa því einnig færst inn á nýjar brautir. Hin nýja barátta um réttindi og tækifæri neytenda á sér meðal annars stað í stafrænum heimi þar sem gögn um einkamál neytenda ganga kaupum og sölum, og brotamenn sjá tækifæri til að „mæla rétt“.





**„Það er vandratað í neytendafrumskógi dagsins í dag. Okkur er víða lofað gulli og grænum skógum, oft er erfitt að sjá í gegnum blekkingarvaðalinn og margar keldurnar að varast.“**



Verzlunarmannafélag Reykjavíkur, síðar VR. Þá má nefna samstarf ASÍ og Neytendasamtakanna í baráttunni við smálánaóáranina og fylgifiska þeirra, stuðning launþega-hreyfingarinnar við leigjendaaðstoð samtakanna og lögsóknir gegn bönkunum í Vaxtamálinu svokallaða, en samtökin telja skilmála og framkvæmd vaxtabreytinga lána með breytilegum vöxtum vera á svig við lög.

Það má með sanni segja að í 70 ára sögu sinni hafi Neytendasamtökin barist fyrir sjónarmiðum neytenda, vakið þá til meðvitundar um rétt sinn og unnið að margvíslegum umbótum í neytendamálum. Við sem nú erum í forsvari fyrir Neytendasamtökin erum bæði stolt og auðmjúk að fá að standa á herðum þessa framsýna fólks við að þoka áfram neytendabaráttunni fyrir fleiri tækifærum, betri réttindum og sanngjarnari kjörum. Allt frá innleiðingu mólunardagsetninga á kaffi á sjötta áratugnum, leiðbeiningabæklingum samtakanna á sjöunda áratugnum, fyrsta kartöflumálinu á þeim áttunda til baráttunnar gegn smálánum og Vaxtamálinu nú á síðustu árum.

### **Ný barátta í stafrænum heimi**

Verkefni Neytendasamtakanna hafa ætíð verið afar fjölbreytt, en grunnur starfsins byggir þó á níu grunnkröfum neytenda: Réttinum til að fá grunnþörfum mætt, til öryggis, til upplýsinga, til að velja, til áheyrnar, til úrlausnar, til neytendafræðslu, til heilbrigðs umhverfis og til stafrænnar verndar.

Samfélagið og neyslan hafa tekið stórkostlegum breytingum frá því Neytendasamtökin voru stofnuð og málefni neytenda hafa því einnig færst inn á nýjar brautir. Hin nýja barátta um réttindi og tækifæri neytenda á sér meðal annars stað í stafrænum heimi þar sem gögn um einkamál neytenda ganga kaupum og sölum, og brotamenn sjá tækifæri til að „mæla rétt“. Þá fela mikilvæg græn umskipti einnig í sér áskoranir fyrir ábyrga neytendur, til dæmis þegar óábyrgir stjórnendur fyrirtækja beita grænþvotti til að villa um fyrir okkur, eða þegar reglur eru ekki til staðar í deiliahagkerfinu.

Neytendasamtökin hafa veitt neytendum þjónustu í 70 ár og

spornað gegn yfirburðastöðu valdhafa, sérhagsmunahópa og fyrirtækja – en samtökin gætu verið enn öflugri. Þau eru til að mynda einu samtök neytenda á Norðurlöndum sem ekki njóta beinna styrkja frá stjórnvöldum. Sem dæmi greiðir norska ríkið allan rekstrarkostnað norsku samtakanna og í Danmörku fá dönsku systursamtökin um helming tekna sinna frá ríkinu. Starfsmenn Neytendasamtakanna eru fimm, en til að halda í við hlutfallslegan fjölda starfsmanna hjá systursamtökum á Norðurlöndum, og jafnframt eiga möguleika á að sinna þeim verkefnum sem nauðsynleg eru, þyrftu þeir að vera tvöfalt fleiri. Neytendasamtökin hafa kallað eftir skýrri neytendastefnumótun stjórnvalda enda er staða neytenda háð umgjörð neytendamála.

### **Neytendamál flóknari nú en áður**

Þó að neysla hafi aldrei verið auðveldari en nú á dögum, má segja að nú sé að sama skapi flóknari en nokkru sinni fyrr að vera neytandi. Einmitt þess vegna verður meðal stóru verkefna samtakanna á næstu árum að sjá til þess að neytendum verði gert kleift að velja góðar og öruggar vörur, með eins litlum umhverfissporum og mögulegt er.

Það er vandratað í neytendafrumskógi dagsins í dag. Okkur er víða lofað gulli og grænum skógum, oft er erfitt er að sjá í gegnum blekkingarvaðalinn og margar keldurnar að varast. Hrein og bein svikastarfsemi þrífst í skjóli góðrar trúar neytenda. Maðkað mjöl leynist víða og óvist hvar Skúla fógeta bæri niður í neytendabaráttunni, væri hann uppi í dag.

Það er gott að finna fyrir stuðningi við Neytendasamtökin og þeim meðbyr sem samtökin njóta í samfélaginu. Neytendasamtökin eru frjáls félagsamtök sem reiða sig á árgjöld félagsmanna og styrkur samtakanna felst einmitt í krafti fjöldans. Þó fjöldi félagsmanna sé hlutfallslega mikill, er mengi landsmanna lítið og því skiptir hver einasti félagsmaður miklu máli. Því fleiri sem láta neytendamál sig varða, þeim mun öflugri er baráttan. ■

*Höfundur er formaður Neytendasamtakanna.*



# Kjúklingaborgari með beikonbotni

Eftir Harald Jónasson

Það er eitt sem sárlega vantar í matvörubúðir á Íslandi, ferskt alifuglahakk.

Hakkaður kjúklingur eða kalkúnn er matvara sem er bæði holl og yfirleitt á sanngjörnu verði. Seld í öllum löndum sem við berum okkur saman við og nú þegar alifuglakjöt er búið að velta lambakjöti af stallinum sem mest framleidda afurðin er ekkert í vegi fyrir að ferskt kjúklingahakk verði á boðstólum hér á landi. Alifuglahakk má reyndar stundum finna frosið í verslunum, sér í lagi í kring um stórhátíðir, og þegar það dúkkar upp er kjörið að gera kjúklingaborgara með beikonbotni.



Kjúklingahakk eða kalkúnahakk eins og í þessu tilfelli er ekki fitumesta kjöt í heimi og þar af leiðandi ekki það bragðmesta heldur. Þessu tvennu er bjargað með því að nota beikon sem fitugjafa og krydd og jurtir til bragðeflingar. Svona gerum við þetta:

Kryddið sem fer í borgarann er algerlega smekksatriði. Laukduft, hvítlauksduft, kóríanderkrydd, paprikukrydd, chiliduft, salt og pipar er algerlega klassískt. Svo má æfa sig í suðrænni kryddblöndum sem innihalda krydd á borð við cumín (broddkúmen) eða smá negul. Allt eftir þori og smekk. Kryddjurtir, þurrkaðar eða ferskar, geta verið steinselja, kóríander, oregano, rósmarín eða timjan. Það er hægt að blanda þessu öllu saman og sundur.

“

Það er að sjálfsgöðu mælt með að osta en ekki nota bara venjulegan brauðost. Osturinn þarf helst að hafa appelsínugulan blæ til að fá borgaraheimild. Cheddar eða jafnvel amerískur ostur passar einkar vel á plattann.

Í eitt kílógramm af hakki sem endaði í þessa borgara herna á myndinni til hliðar fór teskeið af svörtum pipar, teskeið af fínu salti, sama magn af laukdufti og paprikukryddi og hálf teskeið af hvítlauks- og chilidufti. Tvær teskeiðar fóru svo af þurrkaðri steinselju. Það er alveg sérstaklega gott að nota eitthvað af þurrkuðum kryddjurtum í kjötdeigið, þó ekki nema til að sjá hvort kryddið sé ekki að blandast vel í hakkið. Talandi um það er um að

gera að blanda því vel saman. Þannig að það „farsist“ þínulítið. Verði örflítið klístrað.

Næsta skref er að móta platta. Þessir plattar mega vera sémilega þykkir og stórir. Rúmlega 150 grömm hver. Þeir munu minnka örflítið við eldun. Næst er að skera beikon niður í litla bita eða jafnvel bara kaupa kurl. Þrýsta því svo undir annan helmingsinn. Steikja herlegheitin svo á rétt rúmlega meðalheiti pönnu, fyrst með beikonhliðina niður til að mynda skorpu. Á meðan kryddum við topphliðina aðeins meira – en bara með



Beikonhjúpurinn verður stökkur og gefur nauðsynlega fitu og gott bragð.

ferskmöluðum pipar og salti. Munum þó með saltið að það fór salt í farsíð og beikon er brimsalt. Ef þetta eru þykkir plattar taka þeir þó vel við salti. Steikja svo á „kryddhliðinni“. Séu þetta svo sémilega þykkir gaurar er um að gera að steikja tvisvar á hvorri hlið. Kjötthitameilir heimilisins þarf svo að skriða yfir 70 gráður á celsíus. Ef enginn er kjötmaelirinn er um að gera að steikja plattann bara nógu skrambi lengi. Alifuglahakk er úr brúnu kjötdeildinni og tekur lengi og vel við hita án þess að þorna alveg upp.

## Að osta eða ekki osta

Það er að sjálfsgöðu mælt með að osta en ekki nota bara venjulegan brauðost. Osturinn þarf helst að hafa appelsínugulan blæ til að fá borgaraheimild. Cheddar eða jafnvel amerískur ostur passar einkar vel á plattann. Á meðan borgarinn hvílir svo aðeins, og já hann þarf að hvíla sig aðeins eftir hitann, þá er um að gera að glóða brauðið á sömu pönnu. Ef til er lok á þessa ágætu pönnu er best að glóða brauðið örflítið, skvetta svo smá vatnsdropa á pönnuna og loka svo gufuna inni með lokinu. Verðlaunin eru dúnmjúkt brauð með stökkri miðju. Meðlætið getur verið eins og á venjulegum hamburgara; mæjó og sinnep á sitt hvort brauðið með lauki, káli og tómötum og súrum gúrkum á milli. Það þarf þó ekki að stoppa þar, hvítlaukssósa væri algerlega stórkostleg og svo er hægt að dressa hann upp í sunnudagsfötin. Hræra í brúna sósu, skella í herlegheitin gulum eða grænum baunum og rauðkáli. Allt eftir smekk og stemningu. ■



*Hamborgarabrauð eða hvaða brauðbolla  
sem er hentur vel með kjúklingaborgara.*



Orlofsbyggð Sameykis á Úlfjótuvatni.



Endurbygging tveggja orlofshúsa í Húsafelli er vel á veg komin.

## Enduruppbygging orlofsbyggðar

Undirbúningur að enduruppbyggingu orlofsbyggðarinnar á Úlfjótuvatni er vel á veg komin. Búið er að deiliskipuleggja svæðið og hönnun 11 nýrra húsa er hafin sem er forsenda þess að hægt verði að hefja þar framkvæmdir en stefnt er útboði í sumar og að

framkvæmdir hefjist seinnipart sumars eða í haust. Endurnýjun beggja orlofshúsanna í Húsafelli og hússins í Hólasetri í Biskupstungum er vel á veg komin og mun félagsfólk Sameykis njóta þar dvalarinnar í nýuppgerðum og vel útbúnum húsum í sumar. ■

# Ungt fólk á vinnumarkaði í meirihluta þeirra sem veikjast andlega

VIRK starfsendurhæfingarsjóður kynnti fyrstu niðurstöður rannsóknar sinnar um heilsu fólks og veikindi þess á vinnumarkaðnum. Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga með heilsubrest sem vilja stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði eftir veikindi.

Í rannsókninni kemur fram að ungt fólk á aldrinum 20-29 ára á vinnumarkaði finnur fyrir mjög slæmum andlegum veikindum, eða 45 prósent, en þeir sem eldri eru og hafa verið lengur starfandi á vinnumarkaðnum. Helmingur þeirra sem svörðu í könnuninni fóru að finna fyrir veikindum meira en ári áður en þeir fóru í veikindaleyfi. Langflestir sem fara í veikindaleyfi segjast finna fyrir andlegum veikindum og geðröskunum áður en til veikindaleyfis kom eru á aldrinum 20-29 ára. Svarendur í könnuninni sem eru í eldri hópnum finna síður fyrir andlegum veikindum og fara frekar í veikindaleyfi vegna stoðkerfisvanda.

Margir sem fara í veikindaleyfi leita sér að nýrri vinnu eftir að því lýkur. Vísbendingar koma fram í rannsókninni að þeir sem fara í veikindaleyfi hafa verið sagt upp störfum fyrir eða eftir að veikindin komu fram.

Berglind Stefánsdóttir, sérfræðingur hjá VIRK, sem stýrir



verkefni um kulnun hjá VIRK sagði í pallborðsumræðu að samhljómur væri í rannsókninni við þær tölur sem koma fram í verkefninu sem hún stýrir, en þó geta fleiri ástæður verið fyrir andlegum og líkamlegum veikindum en kulnun.

Frekari niðurstöður úr rannsókn VIRK er að vænta. ■

# Samkomulag um frestun niðurfellingar orlofsdaga

Í síðustu kjarasamningum aðildarfélaganna BSRB var samið um breytingar á orlofskafla kjarasamninga. Þar var öllum tryggður 30 daga orlofsréttur, óháð aldri og starfsaldri. Meðal þeirra markmiða sem bjuggu að baki breytingunni var að tryggja að starfsfólk fái notið orlofs til að ná hvíld og endurheimt en safni orlofsdögum ekki upp. Samkvæmt lögum er flutningur orlofs milli ára óheimill en með breytingunum var því starfsfólki sem átti uppsafnað orlof gefinn þriggja ára aðlögunartími til að nýta sína uppsöfnuðu orlofsdaga, að hámarki 60 talsins, þrátt fyrir bann við flutningi milli ára.



Fljótlega eftir gerð síðustu kjarasamninga breyttust aðstæður á vinnumarkaði vegna heimsfaraldurs kórónuveiru og ein af birtingarmyndum þess var óhóflegt álag á starfsfólk, undirmönnun stofnana og mun minna svigrúm fyrir fólk til þess að fara í orlof og vinna á uppsöfnuðu orlofi. Af þeim sökum hafa mörg ekki náð að vinna

upp sitt uppsafnaða orlof á sl. þremur árum og einhver hafa jafnvel safnað upp enn fleiri orlofsdögum.

Með hliðsjón af framangreindu hefur verið tekin ákvörðun, í samráði við opinbera atvinnurekendur, að fresta niðurfellingu orlofsdaga. Í tilfelli

starfsfólks ríkis og Reykjavíkurborgar hefur niðurfellingu verið frestað til 30. apríl 2024 en Samband íslenskra sveitarfélaga hefur frestað niðurfellingu um ótilgreindan tíma og munu stjórnendur innan sveitarfélaga gera skriflegt samkomulag við starfsfólk sitt um töku uppsafnaðs orlofs. ■

## Ráðin hefur verið lögfræðingur á skrifstofu Sameykis



Jenný Þórunn Stefánsdóttir hefur verið ráðin í starf lögfræðings í kjaradeild hjá Sameyki. Hún útskrifaðist með fullnaðarpróf í lögfræði árið 2020, þ.e. BA gráðu í lögfræði og meistaraþróf í lögfræði við Háskólann í Reykjavík. Jenný starfaði áður sem lögfræðingur á stjórnsýslusviði Vinnuámalastofnunar.

Jenný Þórunn er fædd 1992 og ólst upp í Fossvoginum en býr nú í Smárahverfinu í Kópavogi ásamt manni sínum Jóhanni Fjalari Skaptasyni og þremur börnum þeirra, Hafsteini Fjalari 1 árs, Stefáni Fjalari 8 ára, og Álfurinu Unu 14 ára. ■



## Nýr opnunartími skrifstofu Sameykis

Breyttur opnunartími á skrifstofu Sameykis tekur gildi 1. maí. Opið verður á skrifstofunni á virkum dögum frá klukkan 9:00-15:00 og á föstudögum frá klukkan 9:00-13:00. Gildir nýr opnunartími bæði fyrir símsvörun og skrifstofu. Bent er á þjónustusíðu Sameykis, Mínar síður, við félagsfólk sem þarf að sækja um orlofshús, styrki, sjúkrasjóð ofl utan opnunartíma. ■

Krossgátulausn

				ALDRADA	VISTIR SKERUR	A	ORSAKA	KYDD	P	KÍTTU LAMPT	L														
				SIKING VEKI		G	E	Ð	V	E	I	K	I	FOGL											
				GRUFLA		G	A	R	F	A	ILÁT	P	O	T	T										
				MEL		M	J	Ö	L	STINGUR	A	L	U	R											
				GER		L	U	N	D	DORTERA KRÖKI	R	A	Ð	A											
				TÖNN		L	U	N	D	R	A	Ð	A												
				SAMTALS TVEIR EINS	OSTANO BÓTA	F	A	R	G	A	N	NAUK		RISA	N										
				BÁTUR TYDJA		J	U	L	L	A	DUNKUR	TÖNNU- MÁL		ÁNTUR JURTA	Á	K	Ú	R	A						
						M	A	U	L	A	LITUR TRÁÐTÁ- FÉLAG	B	L	Á	G	R	Á	NÁLJA	Á	S	M	A	K	K	
						M	S	P	I	R	A	SKORUR	R	I	S	T	U	R							
						Á	M	U	S	P	R	Ú	T	T	A	HÖGUR NYGJA	S	E	F	I					
						A	F	L	A	STÓÐST AKKERTI	S	I	S	T	A	M	KYNGTUR	K							
						A	N	S	A	ADR ÖSVIKINN	E	I	N	K	A	R	AURDARI ÞURS	J	Ó	K					
						D	M	E	Y	VEKFERI GRI	A	L	Ú	T	A	T	A								
						I	R	A	K	K	I	Ö	V	A	R	BISTA	A	DAGSETUR							
						JÖR- STAGAST	MELL. ENING	ELITRA TALKI	T	I	N	D	R	A	VABA BRÖPA	Ö	S	L	A						
						K	L	I	F	A	ATT STAFUR	N	A	F	Ö	L	K	MELRANCI	F						
						SÞRELA	Ú	Ð	A	STAKUR SÖL	E	I	N	N	MÁL- HUG SEPI	P	L	E	T	T					
						SALLIPI KIRKNA	M	U	N	Ú	Ð	SÖLBAKK TVEIR EINS	S	Ö	L	A	STILLA TVEIR EINS	R	Ó	A					
						K	E	R	I	Ð	ÓLA	G	A	L	A	FJÖLDI	S	A	F	N					
						HEDI	N	Æ	R	I	N	G	TRÖUBUR	Ó	F	Ú	S	ORADOT	A	N					

Lausnarorðið er **Manvísa**



Sudoku lausnir



3	7	6	2	4	5	8	1	9
5	2	8	9	3	1	6	7	4
4	1	9	7	8	6	5	2	3
8	3	4	5	7	2	1	9	6
9	5	7	6	1	4	2	3	8
1	6	2	8	9	3	7	4	5
7	4	3	1	5	8	9	6	2
6	8	1	3	2	9	4	5	7
2	9	5	4	6	7	3	8	1

Lausn létt

7	1	5	8	3	4	2	6	9
2	8	6	9	5	1	4	7	3
4	3	9	2	7	6	8	1	5
8	5	1	3	4	7	9	2	6
6	9	7	5	8	2	1	3	4
3	2	4	6	1	9	7	5	8
5	6	2	1	9	8	3	4	7
1	7	8	4	6	3	5	9	2
9	4	3	7	2	5	6	8	1

Lausn miðlungs

4	8	7	5	6	3	9	1	2
5	3	1	8	2	9	6	7	4
2	6	9	7	4	1	3	8	5
7	9	8	3	5	2	4	6	1
3	4	2	6	1	8	7	5	9
6	1	5	9	7	4	2	3	8
8	7	4	2	3	5	1	9	6
1	5	3	4	9	6	8	2	7
9	2	6	1	8	7	5	4	3

Lausn erfið

								3
	6							
9			5	3	7		4	6
	5	6			2	9	7	
	8		6			4		
1			9	4			2	
3			1					7
8			4	5				
				8	9	3	1	

Létt


8		3		5				
		5	2			4	1	
			1	9				
			7	6			1	
7							3	
			4					2
9							7	
		4			8		5	
		7				9		

Miðlungs

8	2		5					
			2					
1		7						4
	7			3				
	9					4	8	2
6					1	9		
				7				3
2	1	6						
	3			2			9	6

Erfið

Sudoku þrautin felst í því að leysa hana með því að fylla út í reitina, í hverjum 3x3-reit birtist tölurnar 1-9. Það verður að gerast þannig að hver níu reita lína bæði lárétt og lóðrétt birti einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.



Vinningshafi krossgátunnar



Ingibjörg Jóhannesdóttir datt heldur betur í lukkupottinn því þetta er í annað sinn sem hún er dregin út í krossgátulausninni. Þegar blaðamaður hringdi í hana til að tilkynna henni að hún hefði verið dregin út og lausnarorðið hefði verið MANVÍSA sagði hún: „Já ég vissi það því það er annað orð yfir ástarvísu,“ svaraði hún og hló. „Það leikur við mig lánið því ég vann áður í krossgátulausninni þegar ég sendi inn ekki fyrir svo löngu síðan. Svona er þetta stundum. Ég sendi alltaf inn því þetta er svo mikið áhugamál hjá mér. Reyndar tek ég eina krossgátu á dag og ég held að það haldi heilanum vonandi gangandi.“

Ingibjörg er hætt að vinna en vann í 20 ár hjá Reykjavíkurborg, fyrst sem skólaritari í Safamýraskóla og síðar sem skrifstofustjóri í Kletta-skóla. Hún sagðist ætla að fá peningaverðlaunin því síðast valdi hún orlofsdvöl í orlofshúsum Sameykis.

„Ég þakka kærlega fyrir mig og þetta var mjög ánægjulegt símtal,“ sagði hún og kvaddi. Við óskum Ingibjörgu til hamingju með vinninginn, í annað sinn. ■







# 1. MAÍ

Til hamingju með alþjóðlegan baráttudag launafólks

Dagskrá

**Hittumst á Skólavörðuholti kl. 13:00**

Gengið verður fylltu liði kl. 13:30 frá Skólavörðuholti, niður Skólavörðustíg, Bankastræti og Austurstræti að Ingólfstorgi.

**Útifundur hefst á Ingólfstorgi kl. 14:10**

Fundarstjóri: Magnús Norðdahl

Ræður flytja: Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, og Kristján Þórður Snæbjarnarson, formaður RSÍ.

**Tónlist**

Dimma rokkar á torginu og Stefanía Svavars syngur fagra tóna.



**SAMEYKI**

STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU